

Ungt fólk 2007

Grunnskólanemar

*Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í
5., 6. og 7. bekk árið 2007*



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ungt fólk 2007- grunnskólanemar

*Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í
5., 6. og 7. bekk árið 2007*

Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Oðanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ungt fólk 2007 - grunnskólanemar

Niðurstöður rannsókna meðal nemenda
í 5., 6. og 7. bekk

Unnið fyrir
menntamálaráðuneytið

október 2007

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar.

© 2007 Rannsóknir & greining ehf

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	5
Listi yfir myndir.....	6
Listi yfir töflur.....	11
Töflur í viðauka.....	12
Inngangsorð.....	17
Inngangsorð.....	17
Aðferð og gögn	19
Þátttakendur og mælitæki	19
Skilningur nemenda á spurningum	21
Niðurstöður	25
Líðan barna í 5., 6. og 7. bekk	26
Samband við foreldra og fjölskyldu.....	43
Vinir	55
Stríðni.....	59
Nám og skóli	72
Íþróttar-, félags- og tómstundastarf	84
Lestur, miðlar og tækjæign	98
Heimildir.....	110
Viðauki.....	113

Listi yfir myndir

Mynd 1.	Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 5. bekk.....	21
Mynd 2.	Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 6. bekk.....	22
Mynd 3.	Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 7. bekk.....	22
Mynd 4.	Þurftir þú hjálp við að svara spurningunum? Hlutfall stráka og stelpna í 5. bekk.	23
Mynd 5.	Þurftir þú hjálp við að svara spurningunum? Hlutfall stráka og stelpna í 6. bekk.	23
Mynd 6.	Þurftir þú hjálp við að svara spurningunum? Hlutfall stráka og stelpna í 7. bekk.	24
Mynd 7.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem telja að mjög eða frekar mörgum krökkum í bekknum finnist þau vera skemmtileg.....	26
Mynd 8.	Finnst þér þú vera flott/flottur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	27
Mynd 9.	Finnst þér þú vera of mjó/mjór, of feit/feitur eða passleg/passlegur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	28
Mynd 10.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, fengið reiðiköst sem þau gátu ekki stjórnað.....	29
Mynd 11.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, öskrað eða hent hlutum.	30
Mynd 12.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hefur oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, langað til að brjóta eða skemma hluti.....	31
Mynd 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hefur oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, gert eitthvað bara af því að þau voru svo reið..	32
Mynd 14.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa átt erfitt með að sofa eða sofna síðastliðna sjö daga fyrir könnun.	34
Mynd 15.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stundum eða oft hafa átta erfitt með að sofna eða sofa síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2005 og 2007.....	35
Mynd 16.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau vera einmana síðastliðna sjö daga fyrir könnun.	36

Mynd 17. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau vera stundum eða oft einmana síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2005 og 2007.....	37
Mynd 18. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, eftir því hvort þau hafa upplifað það að vera einmana, greint eftir fjölda vina / vinkvenna.	38
Mynd 19. Líður þér illa heima, greint eftir því hvort nemendur hafi fundið einmanaleika síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk...	39
Mynd 20. Hversu oft æfir þú íþróttir með íþróttafélagi?, greint eftir því hvort nemendur hafi fundist þau vera einmana síðastliðna 7 daga fyrir könnun. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk.....	40
Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa verið niðurdregin(n) eða döpur síðastliðna sjö daga fyrir könnun.....	41
Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau stundum eða oft vera niðurdregin eða döpur síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2005 og 2007.....	42
Mynd 23. Hversu oft færð þú hjálp frá pabba þínum, mömmu eða systkinum með heimanámið þitt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	44
Mynd 24. Hversu oft horfir þú á sjónvarp eða myndband með pabba þínum eða mömmu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	45
Mynd 25. Hversu oft ert þú í íþróttum eða útivist með pabba þínum eða mömmu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	46
Mynd 26. Hversu oft ferð þú í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba þínum eða mömmu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	47
Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast fara stundum eða oft með pabba sínum og mömmu í leikhús, á sýningar eða tónleika. Samanburður fyrir árin 2005 og 2007.	48
Mynd 28. Hversu oft tala allir í fjölskyldunni þinni saman? Hlutfall stráka og stelpna í	49
Mynd 29. Hversu oft ert þú með foreldrum þínum eftir skóla eða um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	50
Mynd 30. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum þínum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	51
Mynd 31. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum þínum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	52

Mynd 32. Hversu oft ert þú ein(n) heima eftir skóla (Ekki með fjölskyldu)? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	53
Mynd 33. Líður þér illa heima? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	54
Mynd 34. Hversu marga vini eða vinkonur áttu í skólanum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	55
Mynd 35. Hversu oft ert þú með vinum eða vinkonum þínum eftir skóla eða um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	56
Mynd 36. Foreldrar mínir þekkja vini/vinkonur mína(r). Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	57
Mynd 37. Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/vinkvenna minna. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	58
Mynd 38. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim sé strítt í frímínútum á skólalóðinni. Samanburður milli ára 2005 og 2007.	69
Mynd 39. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim sé strítt á göngunum. Samanburður milli ára 2005 og 2007.....	70
Mynd 40. Hefur þú strítt einhverjum krakka í vetur af því að hann eða hún er útlendingur eða fæddist í útlöndum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni...	71
Mynd 41. Finnst þér námið vera of erfitt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnist námið vera oft eða alltaf of erfitt, greint eftir kyni.....	72
Mynd 42. Finnst þér námið vera of létt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnist námið vera oft eða alltaf of létt, greint eftir kyni.....	73
Mynd 43. Finnst þér námið vera skemmtilegt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnist námið vera oft eða alltaf skemmtilegt, greint eftir kyni.....	74
Mynd 44. Langar þig til að hætta í skólanum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þá langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum, greint eftir kyni.	75
Mynd 45. Líður þér illa í kennslustundum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði oft eða alltaf illa í kennslustundum, greint eftir kyni.	76
Mynd 46. Líður þér illa í frímínútum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði oft eða alltaf illa í frímínútum, greint eftir kyni.	77
Mynd 47. Líkar þér vel við kennarana? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki oft eða alltaf vel við kennarana, greint eftir kyni.	78

- Mynd 48. Hversu oft hrósa kennararnir þér í skólanum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum, greint eftir kyni. 79
- Mynd 49. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnist námið oft eða alltaf skemmtilegt, greint eftir því hvort þeim finnst námið erfitt..... 80
- Mynd 50. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum, greint eftir því hvort þeim finnst námið erfitt. 81
- Mynd 51. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum, greint eftir því hvort þeim finnst námið skemmtilegt..... 82
- Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum, greint eftir því hvort þeim hafi verið strítt í vetur..... 83
- Mynd 53. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist eða svitni, 1 sinni til 3 sinnum í viku og 4 sinnum í viku eða oftar. 85
- Mynd 54. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast vera 3 sinnum í mánuði eða sjaldnar í dansi eða íþróttum fyrir utan leikfimi- sundtímum í skólanum..... 86
- Mynd 55. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku. 87
- Mynd 56. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar. 88
- Mynd 57. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast aldrei taka þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum. 90
- Mynd 58. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í síðasta sumar (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum) Hlutfall stelpna og stráka í 5. bekk..... 91
- Mynd 59. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í síðasta sumar (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 6. bekk..... 92
- Mynd 60. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í síðasta sumar (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum) Hlutfall stelpna og stráka í 7. bekk..... 92
- Mynd 61. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki oft eða alltaf vel við starfsmenn íþróttafélagsins. 95

- Mynd 62. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki oft eða alltaf vel við starfsmenn sem eru með þeim í öðru frístundastarfi (t.d. í námskeiðum í skólanum, félagsmiðstöðvum eða annars staðar..... 96
- Mynd 63. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau leiki oft eða stundum við eftirtalda þegar þau eru í tölvuleikjum á netinu. 107
- Mynd 64. Hlutfall stelpna og stráka sem segja að þau hafi oft eða mjög langað til að brjóta eða skemma hluti síðastliðna 7 daga, greint eftir því hve miklum tíma nemendur verja á hverjum degi í að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu..... 108
- Mynd 65. Hlutfall stelpna og stráka sem segja að þau hafi oft eða mjög öskrað eða hent hlutum, síðastliðna 7 daga, greint eftir því hve miklum tíma nemendur verja á hverjum degi í að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu. 109

Listi yfir töflur

Tafla 1.	Fjöldi þátttakenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni (fjöldi sem svarar).....	20
Tafla 2.	Fjöldi stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundið stundum eða oft fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun?	33
Tafla 3.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Þú varst með nokkrum krökkum að stríða einum krakka. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.....	59
Tafla 4.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Þú varst með nokkrum krökkum að meiða einn krakka. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.	60
Tafla 5.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Þú varst með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.....	61
Tafla 6.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Þú varst með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.	62
Tafla 7.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Nokkrir krakkar stríddu þér einni/einum. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.....	63
Tafla 8.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Nokkrir krakkar réðust á þig eina/einn og meiddu þig. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.....	64
Tafla 9.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Nokkrir krakkar réðust á hóp sem þú varst með. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.	65
Tafla 10.	Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér i vetur? Margir krakkar skildu þig eftir útundan. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.....	66
Tafla 11.	Hvað finnst þér um það þegar þér er strítt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk., greint eftir kyni.	67
Tafla 12.	Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk., greint eftir kyni.....	68
Tafla 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa hætt þátttöku í íþróttum sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt mjög eða frekar miklu máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum.....	89
Tafla 14.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda tiltekna íþrótt einu sinni í viku eða oftar.	93
Tafla 15.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda slíkt einu sinni í viku eða oftar.	94

Tafla 16.	Stundar þú tónlistarnám eða söngnám í vetur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	97
Tafla 17.	Hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag í að lesa bækur, aðrar en skólabækur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	99
Tafla 18.	Hversu margar klukkustundir notað þú að jafnaði á dag í að lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	100
Tafla 19.	Átt þú (eða er til á heimili þínu) eitthvað af eftirtöldu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast eiga eftirfarandi hluti.	101
Tafla 20.	Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að horfa á sjónvarp / vídeó/ DVD á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.	102
Tafla 21.	Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að spila tölvuleiki á netinu á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	103
Tafla 22.	Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	104
Tafla 23.	Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að vera á MSN (spjallrásum) á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	105
Tafla 24.	Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.....	106

Töflur í viðauka

Tafla 25.	Hvað áttu mörg systkini?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	113
Tafla 26.	Hverjir eftirtalinna búa á sama heimili og þú?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	113
Tafla 27.	Hversu oft færð þú hjálp frá pabba þínum, mömmu eða systkinum með heimanámið þitt?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	114
Tafla 28.	Hversu marga vini eða vinkonur áttu í skólanum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	114
Tafla 29.	Hversu oft horfir þú á sjónvarp eða myndband með pabba þínum eða mömmu?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	115

Tafla 30.	Hversu oft ert þú í íþróttum eða útivist (t.d. á skíðum í sundi, í göngutúr, á hestbaki, úti að hjóla, á skautum o.fl.) með pabba þínum eða mömmu?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	115
Tafla 31.	Hversu oft tala allir í fjölskyldunni þinni saman?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	116
Tafla 32.	Hversu oft ert þú með foreldrum þínum eftir skóla eða um helgar?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	116
Tafla 33.	Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum þínum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	117
Tafla 34.	Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá ráðleggingar varðandi námið frá foreldrum þínum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	117
Tafla 35.	Foreldrar mínir þekkja vini/vinkonur mína(r), greint eftir bekk og kyni nemenda....	117
Tafla 36.	Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/vinkvenna minna, greint eftir bekk og kyni nemenda.	118
Tafla 37.	Hversu oft ferð þú í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba þínum eða mömmu, greint eftir bekk og kyni nemenda.	118
Tafla 38.	Hversu oft ert þú með vinum eða vinkonum eftir skóla eða um helgar?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	119
Tafla 39.	Hversu oft ert þú ein(n) heima eftir skóla?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	119
Tafla 40.	Er töluð íslenska á þínu heimili?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	119
Tafla 41.	Við hvern leikur þú þegar þú ert í tölvuleikjum á Netinu? Ég leik ein(n), greint eftir bekk og kyni nemenda.....	120
Tafla 42.	Við hvern leikur þú þegar þú ert í tölvuleikjum á Netinu? Með fjölskyldumeðlimum, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	120
Tafla 43.	Við hvern leikur þú þegar þú ert í tölvuleikjum á Netinu? Með vinum, greint eftir bekk og kyni nemenda.	121
Tafla 44.	Við hvern leikur þú þegar þú ert í tölvuleikjum á Netinu? Með fólki sem ég þekki ekki, greint eftir bekk og kyni nemenda.	121
Tafla 45.	Finnst þér námið vera of erfitt?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	122
Tafla 46.	Finnst þér námið vera of létt?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	122
Tafla 47.	Finnst þér námið vera skemmtilegt?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	123
Tafla 48.	Langar þig til að hætta í skólanum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	123
Tafla 49.	Líður þér illa í kennslustundum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	124

Tafla 50.	Líður þér illa í frímínútum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	124
Tafla 51.	Líður þér illa heima?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	125
Tafla 52.	Líkar þér vel við kennarana?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	125
Tafla 53.	Hversu oft hrósa kennararnir þér í skólanum?, greint eftir bekk og kyni nemenda....	126
Tafla 54.	Hversu oft er þér hrósað af öðrum fullorðnum(t.d. heima hjá þér eða í frístundastarfi)?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	126
Tafla 55.	Hvaða einkunn fékkst þú á samræmdum prófum í 4. bekk í stærðfræði? , greint eftir bekk og kyni nemenda.....	127
Tafla 56.	Hvaða einkunn fékkst þú á samræmdum prófum í 4. bekk í íslensku?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	128
Tafla 57.	Hversu oft ert þú í dansi eða íþróttum fyrir utan leikfimi- og sundtíma í skólanum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	129
Tafla 58.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Handbolta?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	129
Tafla 59.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Fótbolta?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	130
Tafla 60.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Körfubolta?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	130
Tafla 61.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Fimleika?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	130
Tafla 62.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Frjálsar íþróttir?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	131
Tafla 63.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Tennis, badminton, borðtennis eða veggtennis?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	131
Tafla 64.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Sjálfsvarnariþróttir?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	132
Tafla 65.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Göngur eða hlaup?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	132
Tafla 66.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Sund?, greint eftir bekk og kyni nemenda....	132
Tafla 67.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu: Skíði, snjóbretti eða skauta?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	133
Tafla 68.	Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði um að þú hættir: Ég missti áhugann, greint eftir bekk og kyni nemenda.	133

Tafla 69.	Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði um að þú hættir: Kostnaður (of dýrt), greint eftir bekk og kyni nemenda.	134
Tafla 70.	Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði um að þú hættir: Vinir mínir hættu, greint eftir bekk og kyni nemenda.	134
Tafla 71.	Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði um að þú hættir: Tímaleysi, greint eftir bekk og kyni nemenda.	135
Tafla 72.	Ef þú hefur einhvern tíma hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hversu miklu máli skiptu eftirfarandi atriði um að þú hættir: Mikil samkeppni, greint eftir bekk og kyni nemenda.	135
Tafla 73.	Hversu oft æfir þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	136
Tafla 74.	Hversu oft reynir þú á þig líkamlega þannig að þú verður móð/ur eða svitnir?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	137
Tafla 75.	Líkar þér vel við starfsmenn íþróttafélagsins (t.d. þjálfara)?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	137
Tafla 76.	Líkar þér vel við starfsmenn sem eru með þér í öðru frístundastarfi (t.d. í námskeiðum í skólanum, félagsmiðstöðvum eða annars staðar?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	138
Tafla 77.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu?: Félags- og tómstundastarf í félagsmiðstöð, greint eftir bekk og kyni nemenda.	138
Tafla 78.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu?: Dans, greint eftir bekk og kyni nemenda.	139
Tafla 79.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu?: Skátastarf, greint eftir bekk og kyni nemenda.	139
Tafla 80.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu?: Hestamennsku, greint eftir bekk og kyni nemenda.	140
Tafla 81.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu?: Skák, greint eftir bekk og kyni nemenda.	140
Tafla 82.	Stundar þú eitthvað af eftirtöldu?: K.F.U.M. eða K.F.U.K., greint eftir bekk og kyni nemenda.	141
Tafla 83.	Stundar þú tónlistarnám eða söngnám í vetur?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	141

Tafla 84.	Hversu oft tekur þú þátt í tómstundastarfi í skólanum þínum? (t.d. námskeiðum, myndlist, skák, ljósmyndun), greint eftir bekk og kyni nemenda.....	142
Tafla 85.	Hversu oft tekur þú þátt í öðru tómstundastarfi sem ekki er á vegum skólans?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	142
Tafla 86.	Finnst þér tíminn sem fer í íþrótt- og tómstundastarf utan skólans vera...?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	143
Tafla 87.	Hvernig líður þér yfirleitt í frítíma þínum (þegar þú ert ekki í skólanum og ekki heima hjá þér)?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	143
Tafla 88.	Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í síðasta sumar?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	144
Tafla 89.	Hversu oft síðustu sjö daga hefur þú fengið reiðiköst sem þú gast ekki stjórnað?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	144
Tafla 90.	Hversu oft síðustu sjö daga hefur þú öskrað eða hent hlutum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	145
Tafla 91.	Hversu oft síðustu sjö daga hefur þig langað til að brjóta eða skemma hluti?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	145
Tafla 92.	Hversu oft síðustu sjö daga gerðir þú eitthvað bara af því að þú varst svo reið/ur?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	146
Tafla 93.	Finnst krökkum í bekknum þú vera skemmtileg/ur?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	146
Tafla 94.	Finnst þér þú vera flott/flottur?, greint eftir bekk og kyni nemenda.....	147
Tafla 95.	Finnst þér þú vera of mjó/mjór, of feit/feitur eða passleg/passlegur?, greint eftir bekk og kyni nemenda.	147

Inngangsorð

Rannsóknir á högum og lífi barna og ungmenna eru forsenda árangursríkrar stefnumótunar og forvarnarstarfs. Mikilvægi félagslegra rannsókna ætti því ekki að dyljast neinum.

Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið staðið að rannsóknunum *Ungt fólk*. Árið 1999 hófst samstarf við Rannsóknir & greiningu og í febrúar 2006 skrifuðu menntamálaráðuneytið Háskólinn í Reykjavík og Rannsóknir & greining, undir nýjan samstarfssamning um rannsóknir meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins og nær samningurinn til ársloka 2010. Rannsóknir & greining hefur um árabil stundað rannsóknir á högum og líðan ungmenna og unnið náið með menntamálaráðuneytinu að framkvæmd rannsókna *Ungt fólk*. Rannsóknirnar hafa verið gerðar í grunn- og framhaldsskólum. Nánar tiltekið í grunnskólum frá 5. til 10. bekk og í öllum árgöngum framhaldsskóla.

Með þessum rannsóknum hefur menntamálaráðuneytið tryggt að hægt sé að vinna úr haldgóðum og samanburðarhæfum gögnum um hagi barna og ungmenna fyrir fjölmarga aðila. Samhliða ört vaxandi kröfum um rannsóknarmiðaða stefnumótun hafa þeir sem starfa að málefnum barna og ungmenna um allt land nýtt sér rannsóknir í auknum mæli en allar þessar rannsóknir gefa kost á samanburði milli landssvæða og tímabila.

Samstarfsaðilar Rannsókna & greiningar eru fjölmargir en stuðningur menntamálaráðuneytisins við rannsóknirnar hefur gert það að verkum að velflest sveitarfélög í landinu nýta sér upplýsingar úr rannsóknunum þar sem greint er frá högum og líðan barna og ungmenna á hverjum stað. Þegar rannsókna *Ungt fólk* er getið þá ber sérstaklega að nefna einstaklega gott samstarf við skólastjórnendur, kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þeirra framlag undanfarin ár og aðstoð við fyrirlagnir spurningalista hefur stuðlað að því að svo umfangsmiklar gagnasafnanir sem kannanirnar *Ungt fólk* eru, geti farið fram. Sú samvinna hefur gert það mögulegt að hægt hefur verið að safna gögnum um lífshætti og líðan barna og ungmenna á Íslandi. Upplýsingar sem þannig er safnað eru þeim sem starfa að málefnum barna og ungmenna ómetanlegt verkfæri og hafa niðurstöður jafnframt sýnt að sú vinna hefur skilað umtalsverðum árangri.

Hér gefur að líta niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk* sem lögð var fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar 2007 og unnin er að

beiðni menntamálaráðuneytis. Skýrslan ber nafnið *Ungt fólk 2007 – Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk*.

Í þessari skýrslu er sjónum beint að börnum á aldrinum 10 til 13 ára sem eru nemendur í 5. til 7. bekk og eru ítarlegar upplýsingar um hagi og lífshætti þeirra settar fram með margvíslegum hætti. Helstu áherslur eru á upplýsingar um líðan nemenda í þessum bekkjardeildum, samband þeirra við foreldra og vini, viðhorf nemenda til náms og skóla, upplýsingar um íþróttaiðkun, ásamt upplýsingum um tómstundir og frístundastarf.

Skýrslan inniheldur 65 myndir og 24 töflur í meginmáli. Þá eru niðurstöður einstakra spurninga einnig settar fram í 71 töflu í viðauka.

Með stuðningi við rannsóknirnar *Ungt fólk* tryggir menntamálaráðuneytið mikilvæga öflun upplýsinga og stuðlar að rannsóknamiðaðri stefnumótun um lífshætti barna og ungmenna.

Aðferð og gögn

Þátttakendur og mælitæki

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamikilli könnun Rannsókna & greiningar og menntamálaráðuneytis sem var lögð fyrir alla nemendur í 5. til 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar árið 2007. Þátttakendur voru nemendur í 5., 6. og 7. bekk allra grunnskóla á Íslandi. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða heldur könnun sem var lögð fyrir allt þýðið. Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í skólana þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistunum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.

Í heild fengust gild svör frá 10.829 nemendum í 5. til 7. bekk á landsvísu og var svarhlutfall um 82% af öllum nemendum sem voru í 5. til 7. bekk veturinn 2006 til 2007 samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands. Strákar voru 5282 (48,8%) en stelpur 5185 (47,9%) en alls gáfu 362 (3,3%) ekki upp kyn sitt.

Í einstaka tilvikum eru niðurstöður úr rannsókninni nú árið 2007 bornar saman við niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk grunnskólum landsins árið 2005.


Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda, greint eftir bekkjum og kyni. Árið 2007 var heildarsvarhlutfall eins og áður segir 82%. Svarhlutfallið var 78% í 5. bekk, 81% í 6. bekk og 80% í 7. bekk, en 3% nemenda gáfu ekki upp bekkjardeild sína.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni (fjöldi sem svarar).


Bekkur:	Fjöldi & svarhlutfall	
5. bekkur:	3.439 (78%)	
Kynjahlutfall:	Strákar: 1.707	Stelpur: 1.700
6. bekkur:	3.461 (81%)	
Kynjahlutfall:	Strákar: 1.738	Stelpur: 1.675
7. bekkur:	3.600 (80%)	
Kynjahlutfall:	Strákar: 1.794	Stelpur: 1.775
Bekkur ótilgreindur:	329 (3%)	
Heildarfjöldi:	10.829 (82%)	

Skilningur nemenda á spurningum


Á myndum 1 til 6 má sjá niðurstöður þar sem nemendur voru spurðir um skilning á þeim spurningunum sem lagðar voru fyrir þá í spurningalistanum ásamt því hvort og þá hversu mikla hjálp þeir þurftu við að svara einstaka spurningum. Í ljós kemur að mikill meirihluti nemenda skildi flestar eða allar spurningarnar í spurningalistanum, og þá segist lágt hlutfall nemenda hafa þurft hjálp við margar eða allar spurningar listans.




Mynd 1. Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 5. bekk.




Mynd 2. Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 6. bekk.




Mynd 3. Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 7. bekk.



Mynd 4. Þurftir þú hjálp við að svara spurningunum? Hlutfall stráka og stelpna í 5. bekk.



Mynd 5. Þurftir þú hjálp við að svara spurningunum? Hlutfall stráka og stelpna í 6. bekk.



Mynd 6. Þurftir þú hjálp við að svara spurningunum? Hlutfall stráka og stelpna í 7. bekk.

Niðurstöður

Fjölmargar rannsóknir hafa verið unnar undanfarin ár til að freista þess að greina þá þætti sem tengjast líðan barna. Slík greining er mikilvæg þar sem góð líðan barna og ungmenna er af flestum talin vera ákjósanlegt veganesti inn í framtíðina, fyrir utan að vera sjálfsögð mannréttindi eins og fram kemur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Margar erlendar athuganir hafa beinst að því að rannsaka líðan barna og ungmenna í ljósi félagslegra aðstæðna þeirra. Skoðað hefur verið hvort líðan tengist þáttum á borð við fjölskyldugerð og fjárhagsstöðu. Þá hefur verið kannað hvort skýra megji líðan barna út frá tengslum þeirra við foreldra og vini og þætti á borð við líkamlega hreyfingu og tómstundaiðju. Að auki hafa tengsl eineltis og líðanar verið skoðuð.

Í þessari skýrslu er leitast við að nýta þekkingu úr rannsóknum á sviðinu til að skoða hvernig líðan barna á Íslandi tengist fyrrgreindum þáttum. Hér má nefna rannsóknir á tengslum líkamlegrar hreyfingar og líðanar¹, tengsl líðanar og sambands barna við foreldra² og vini³. Þá má nefna rannsóknir í tengslum líðanar og sambands barna við kennara sína og fleiri þætti sem tengjast skólanum⁴. Rannsóknir á tengslum líðanar og stríðni og/eða eineltis⁵, og rannsóknir á tengslum íþrótta-, félags- og tómstundastarfs og líðanar barna⁶. Einnig má hér nefna samantektir á áhrifum ýmissa þátta á líðan barna⁷.

Markmið þessarar skýrslu er að varpa ljósi á þá þætti sem tengjast og kunna að hafa áhrif á líðan barna í 5. til 7. bekk á landsvísu. Árið 2003 var gerð úttekt á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar⁸ úr gögnum Rannsókna & greiningar á líðan barna á höfuðborgarsvæðinu, sem svipar nokkuð til þeirrar sem hér um ræðir. Þar kom meðal annars fram að samband við foreldra og vini tengist líðan barna allsterkt. Þá kom fram að stríðni er lykilþáttur þegar líðan barna er skoðuð. Börnum sem er strítt líður alla jafna mun verr en öðrum börnum. Einnig kom fram að þættir sem tengjast skólanum svo sem námserfiðleikar og samband við kennara hafa marktæk tengsl við líðan barna.

¹ Hannon, J.C. og Pellet, T.L. (2005).

² Smith, M.Z. (2005); Muller, C. (1998). Sigfusdóttir, Farkas og Silver (2004) Sigfúsdóttir og Kristjánsson (væntanlegt). van Wel, F. o.fl. (2000).

³ Laursen, B. og Mooney, K.S. (2005).

⁴ Estévez, E. o.fl. (2005).

⁵ Rigby, K. (2005).

⁶ Harrell, J.S o.fl. (1997).


⁷ Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005).

⁸ Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2004).

Líðan barna í 5., 6. og 7. bekk

Á næstu síðum er gerð grein fyrir niðurstöðum spurninga er lúta að almennri líðan nemenda í 5. til 7. bekk grunnskóla landsins. Í þessu sambandi er bæði um að ræða spurningar er snúa að því hvernig nemendur upplifa sig í bekknum, sem og spurningar er snerta mat á eigin sjálfsmynd og andlegri líðan.

Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður spurningarinnar – *Finnst krökkunum í bekknum þú vera skemmtileg/ur?* Má sjá (mynd 7) að meirihluti nemenda í öllum bekkjardeildunum þremur svara því til að mjög eða frekar mörgum krökkum í bekknum finnist þau skemmtileg.




Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem telja að mjög eða frekar mörgum krökkum í bekknum finnist þau vera skemmtileg.

Hér vekur athygli að hlutfallið hækkar lítið eitt milli árganga. Þannig eru nemendur í 7. bekk hlutfallslega líklegri sé miðað við nemendur í 5. og 6. bekk til að telja sig vera skemmtilega í augum bekkjarfélaga sinna. Niðurstöður sýna einnig að hlutfallið hækkar í takt við hækkandi aldur. Lítil sem enginn munur kemur fram á milli stráka og stelpna og þá sér í lagi ef litið er til niðurstöðna fyrir sjöttu- og sjöundubekkinga. Strákar í 5. bekk eru síður á því í samanburði við stelpur í þeirri bekkjardeild, að bekkjarfélagar þeirra telji þá mjög eða fremur skemmtilega, þó munurinn sé ekki mikill eða sem svarar þremur prósentustigum.

Niðurstöður spurninga er lúta að eigin álitum nemenda á sjálfum sér má sjá á myndum 8 og 9. Í þessu tilfelli voru nemendur beðnir um að svara spurningunum – *Finnst þér þú vera flott/ur* og *Finnst þér þú vera of mjó/mjór, of feit/feitur* eða


passleg/passlegur. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður fyrri spurningarinnar má sjá að nemendur eru nokkuð ánægðir með sjálfa sig (mynd 8). Þannig svara 42% stráka og 47% stelpna í 5. bekk því til að þeim finnist þau vera flott, 42% þeirra segja sig vera *mitt á milli* á meðan 16% stráka og 11% stelpna svara spurningunni neitandi. Ef litið er til nemenda í 6. bekk, þá svara um 48% stráka og 42% stelpna spurningunni játandi, 39% stráka og 47% stelpna telja sig vera *mitt á milli* og 13% stráka og 11% stelpna segjast ekki vera flott. Nemendur í 7. bekk eru hlutfallslega líklegri til að telja sig vera flotta en slíkt á við um helming stráka í þeirra bekkjardeild og 44% stelpna. 38% stráka og 42% stelpna segja að þau séu *mitt á milli* og 12% stráka og 14% stelpna svara spurningunni neitandi.



Mynd 8. Finnst þér þú vera *flott/flottur*? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Þegar litið er til mats nemenda á eigin vaxtarlagi má sjá (mynd 9) að yfirgnæfandi meirihluti nemenda telur sig vera *passlegan* og á það við um nemendur í öllum bekkjardeildum. Hér kemur þó fram munur á milli nemenda eftir því í hvaða bekk þeir eru og sýna niðurstöður að hlutfall þeirra nemenda sem telja sig vera of feita eykst eftir aldri. Þannig segjast um 77% stráka og 76% stelpna í 5. bekk að þau séu *passleg*, á meðan 72% stráka og 70% stelpna í 6. bekk svara því til. Hlutfall þeirra nemenda sem telja sig vera *passlegan* er jafnframt lægst í 7. bekk þó meirihluti sjöundubekkinga svari því – eða sem svarar til 68% stráka og 67% stelpna. Athygli vekur að svipað hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk telur sig vera of mjóa, eða um eða

rétt yfir 11%. Hlutfall nemenda sem telja sig vera of feita eykst aftur á móti eins og áður segir milli árganga. Þannig segja um 11% stráka og 14% stelpna í 5. bekk að þau séu of feit, á meðan slíkt á við um 17% stráka og 19% stelpna í 6. bekk og þegar komið er upp í 7. bekk telur ríflega fimmtungur nemenda að þeir séu of feitir.




Mynd 9. Finnst þér þú vera *of mjó/mjór*, *of feit/feitur* eða *passleg/passlegur*? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Í könnuninni nú árið 2007 voru nemendur beðnir um að tilgreina hvort og þá hve oft þeir hefðu misst stjórn á skapi sínu, með því að fá reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað, öskrað eða hent hlutum, langað til að brjóta eða skemma hluti eða orðið reiðir. Á myndum 10 til 13 má sjá niðurstöður þessara spurninga greindar eftir bekkjardeildum og kyni. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður spurningarinnar – Hversu oft síðustu sjö daga hefur þú fengið reiðiköst sem þú gast ekki stjórnað, má sjá (mynd 10) að lágt hlutfall nemenda segist hafa upplifað slíkt oft eða mjög oft síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Það eru þó engu að síður rúmlega 6% stráka í 5. bekk sem svara því til á meðan slíkt á við um tæp 4% stelpna í þeirri bekkjardeild. Ef litið er til nemenda í 6. bekk, má sjá að rúmlega 5% stráka svara því til á móti tæpum 4% stelpna. Hlutfall nemenda sem segist hafa upplifað reiðiköst oft eða mjög oft síðastliðna sjö daga fyrir könnun er jafnframt lægst meðal nemenda í 7. bekk, þar sem slíkt á við um tæp 4% stráka og rétt rúm 4% stelpna.




Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, fengið reiðiköst sem þau gátu ekki stjórnað.

Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segjast hafa oft eða mjög oft öskrað eða hent hlutum síðustu sjö dagana fyrir könnun er mjög svipað milli bekkjardeilda, eða á bilinu 2,5 til 3% (mynd 11). Hér kemur ekki fram munur á milli nemenda eftir bekkjum eins og áður segir og svara innan við 4% stráka og um eða rétt yfir 2% stelpna því til að þau hafi oft eða mjög oft öskrað eða hent hlutum síðastliðna sjö daga fyrir könnun.




Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, öskrað eða hent hlutum.

Eins og áður segir voru nemendur einnig spurðir að því hversu oft þá hafi langað til að brjóta eða skemma hluti. Á mynd 12 má sjá niðurstöður spurningarinnar. Hér kemur í ljós að hlutfallið hækkar eftir bekkjardeildum, um 4% nemenda í 5. bekk svara því til að þá hafi oft eða mjög oft langað til að brjóta eða skemma hluti síðastliðna sjö daga fyrir könnun, á meðan slíkt á við um rétt rúm 5% sjöttubekkinga og tæp 7% sjöundubekkinga. Hér kemur einnig fram munur á milli stráka og stelpna, þar sem strákar eru líklegri til að segja að þeir hafi oft eða mjög oft upplifað slíkt.



Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hefur oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, langað til að brjóta eða skemma hluti.

Mynd 13 sýnir að hlutfallslega fáir nemendur í 5., 6. og 7. bekk hafa upplifað það síðastliðna sjö daga fyrir könnun að gera eitthvað bara af því að þeir voru svo reiðir. Hlutfallið er á bilinu 2,4 til 3%, hæst í 7. bekk. Jafnframt sýna niðurstöður í þessu sambandi að strákar eru líklegri en stelpur til að hafa gert eitthvað oft eða mjög oft síðastliðna sjö daga – eingöngu vegna þess að þeir voru svo reiðir.




Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hefur oft eða mjög oft síðastliðna 7 daga fyrir könnun, gert eitthvað bara af því að þau voru svo reið.

Í töflu 2 má sjá niðurstöður spurninga er lúta að líðan nemenda og hvort og þá hve oft þeir hafa fundið fyrir ákveðnum andlegum og líkamlegum atriðum síðustu sjö dagana fyrir könnun. Niðurstöðurnar sýna annars vegar fjölda og hins vegar prósentuhlutfall þeirra sem hafa stundum eða oft fundið fyrir slíku.

Tafla 2. Fjöldi stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundið *stundum eða oft* fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun?


	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
Einkenni: Stundum eða oft	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Svima	12,3 (201)	14,3 (237)	13,5 (228)	17,5 (288)	11,9 (209)	18,6 (328)
Skjálfta	4,9 (78)	6,4 (104)	5,5 (92)	6,4 (104)	4,1 (72)	7,0 (123)
Skyndilega hrædd(ur)	6,4 (101)	11,3 (182)	5,9 (99)	12,3 (199)	4,8 (83)	10,0 (174)
Óþægilega uppspennt(ur)	11,8 (188)	13,0 (211)	10,4 (173)	11,8 (192)	7,7 (134)	9,6 (168)
Leið(ur) eða lítill áhugi	13,9 (226)	12,4 (205)	16,0 (270)	16,0 (263)	13,4 (237)	17,3 (304)
Lítill matarlyst	16,8 (271)	17,3 (283)	16,2 (271)	18,9 (311)	13,1 (229)	20,8 (365)
Einmana	12,1 (194)	16,5 (269)	9,1 (152)	15,5 (254)	8,4 (146)	15,1 (264)
Grét auðveldlega	7,4 (119)	19,0 (312)	7,6 (128)	22,2 (364)	5,3 (94)	19,7 (347)
Erfitt með að sofa eða sofna	25,2 (410)	25,4 (419)	21,5 (362)	25,3 (415)	17,0 (302)	23,6 (415)
Niðurdregin(n) eða ðapur/döpur	7,3 (118)	12,1 (199)	7,9 (133)	14,8 (242)	6,2 (109)	13,5 (238)
Ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkuð	14,1 (228)	10,2 (167)	11,1 (187)	12,1 (199)	9,4 (165)	9,9 (175)
Máttlaus	8,9 (143)	7,6 (125)	6,9 (115)	9,1 (149)	5,6 (98)	8,0 (140)
Fannst framtíðin vonlaus	8,4 (136)	8,3 (136)	6,5 (109)	8,1 (133)	7,5 (132)	9,1 (160)

Eins og sjá má af töflu 2 hér að framan er hlutfallið hæst við spurningunni – hefur þú átt erfitt með að sofna eða sofa. Á mynd 14 hafa þessar niðurstöður verið dregnar út úr töflu og má sjá að um 25% nemenda í 5. bekk segir að slíkt hafi stundum eða oft hent þau síðastliðna sjö daga fyrir könnunina og er ekki um að ræða mun á milli stráka og stelpna í því sambandi meðal fimmtubekkinga. Um 22% stráka og 25% stelpna í 6. bekk segjast hafa upplifað slíkt á meðan 17% stráka og 24% stelpna í 7. bekk svara því til.




Mynd 14. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa átt erfitt með að sofa eða sofna síðastliðna sjö daga fyrir könnun.

Ef litið er til niðurstaðna könnunarinnar sem lögð var fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla landsins árið 2005 og þær niðurstöður bornar saman við könnunina nú árið 2007, má sjá (mynd 15) að hlutfall nemenda sem hafa stundum eða oft átt erfitt með að sofna síðastliðna sjö daga fyrir könnun er í öllum tilvikum hæst árið 2007, ef frá er skilið hlutfall stráka í 7. bekk þar sem hlutfallið er jafnhátt árið 2005 og 2007, eða 17%.




Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast *stundum eða oft* hafa átt erfitt með að sofna eða sofa síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2005 og 2007.

Í töflu 2 hér að framan má einnig sjá að nokkuð hátt hlutfall nemenda segist hafa verið einmana stundum eða oft síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Á mynd 16 hafa niðurstöður þeirrar spurningar verðir dregnar saman í eina mynd. Þar má sjá að þó mikill meirihluti (á bilinu 84%-92%) nemenda í öllum bekkjardeildum upplifi einmanaleika *aldrei*, *næstum aldrei* eða *sjaldan*, er engu að síður ákveðinn hópur sem upplifði það að vera einmana oft eða stundum vikuna fyrir könnun. Þannig höfðu um 12% stráka og 16% stelpna í 5. bekk verið einmana á þessu tímabili, 9% stráka og 15% stelpna í 6. bekk og ef litið er til niðurstaðna fyrir sjöundubekkinga átti slíkt við um 8% stráka og 15% stelpna í þeirri bekkjardeild.



Mynd 16. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist *þau vera einmana* síðastliðna sjö daga fyrir könnun.


Ef litið er til samanburðar milli ára 2005 og 2007 má sjá að litlar hlutfallslegar breytingar er þar að finna. Hlutfall nemenda sem hafa upplifað sig einmana viku fyrir könnun er svipað milli ára þó greina megi smávægilega hækkun meðal stelpna í 5. bekk.



Mynd 17. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau vera *stundum eða oft* einmana síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2005 og 2007.


Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða sérstaklega hlutfall þeirra nemenda sem upplifðu sig einmana sjö daga fyrir könnun eftir því hve marga vini eða vinkonur þeir eiga.

Á mynd 18 má sjá að þeir nemendur sem sögðust oft eða stundum hafa fundið fyrir einmanaleika eru hlutfallslega líklegri til að segjast eiga enga eða fá vini / vinkonur. Þessar niðurstöður koma fram í öllum bekkjardeildunum þremur. Þannig segjast um 43% fimmtubekkinga sem höfðu oft eða stundum verið einmana síðustu sjö dagana fyrir könnun að þeir eigi enga eða fáa vini, 19% þeirra segjast eiga nokkra vini eða vinkonur og einungis 8% nemenda í 5. bekk sem höfðu verið einmana á þessu tímabili segjast eiga marga eða mjög marga vini. Hlutfallið er það sama eða svipað þegar litið er til nemenda í 6. og 7. bekk.




Mynd 18. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, eftir því hvort þau hafa upplifað það að vera einmana, greint eftir fjölda vina / vinkvenna.

Að sama skapi er fróðlegt að skoða hvort þeim nemendum sem fundu oft eða stundum fyrir einmanaleika líður heima. Á mynd 19 má sjá að þeir nemendur sem fannst þeir vera einmana (oft / stundum) eru hlutfallslega líklegri til að segja að þeim líði oft eða alltaf illa heima. Þannig svara um 54% fimmtubekkinga því til, 57% sjöttubekkinga og 73% nemenda í 7. bekk.




Mynd 19. Líður þér illa heima, greint eftir því hvort nemendur hafi fundið fyrir einmanaleika síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk

Á mynd 20 má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem stunda íþróttir með íþróttafélagi, eftir því hvort þeir hafi fundið fyrir einmanaleika stundum eða oft síðustu sjö daga fyrir könnun. Eins og myndin sýnir lækkar hlutfall þeirra nemenda sem upplifa slíkt eftir því hve oft þeir æfa íþróttir. Þannig fundu um 18% nemenda sem æfa aldrei íþróttir oft eða stundum fyrir einmanaleika á meðan hlutfallið er 9% meðal nemenda sem æfa fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 20. *Hversu oft æfir þú íþróttir með íþróttafélagi?*, greint eftir því hvort nemendur hafi fundist þau vera einmana síðastliðna 7 daga fyrir könnun. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk.

Á mynd 21 má sjá niðurstöður spurningarinnar – hversu oft síðustu sjö daga hefur þú verið niðurdregin/n eða dapur / döpur. Mikill meirihluti nemenda segist sjaldan, næstum aldrei eða aldrei hafa fundið fyrir slíku, en engu að síður segir um einn af hverjum 10 nemendum að þeir hafi oft eða stundum verið niðurdregnir eða daprir. Hér vekur athygli að stelpur eru líklegri en strákar til að segjast hafa verið niðurdregnar eða daprar síðustu sjö dagana fyrir könnun. Þannig segjast um 12% stelpna í 5. bekk, 15% í 6. bekk og 14% í 7. bekk að þær hafi verið niðurdregnar eða daprar á þessu tímabili.



Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa verið *niðurdregin(n) eða döpur* síðastliðna sjö daga fyrir könnun.

Ef samanburður er gerður á niðurstöðum nú við árið 2005 má sjá (mynd 22) að um hlutfallslega aukningu er að ræða milli ára ef litið er til stelpna í 5., 6. og 7. bekk.



Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau *stundum eða oft vera niðurdregin eða döpur* síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2005 og 2007.

Samband við foreldra og fjölskyldu

Mikilvægi góðra tengsla milli barna og ungmenna við foreldra sína og forráðamenn verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna bera með sér að samvistartími og samvera barna með foreldrum og fjölskyldu hafi margvísleg jákvæð áhrif á líf þeirra⁹. Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja foreldra og eftirlit þeirra með börnum sínum tengist til að mynda minni líkum á vímuefnaneyslu þeirra á unglingsárum¹⁰. Þannig hafa rannsóknir sýnt að börn sem eru alla jafna undir eftirliti foreldra sinna, fá mikinn stuðning frá þeim og verja miklum tíma með þeim eru ólíklegri en önnur börn til að eignast vini sem hafa neikvæð áhrif í lífi þeirra og þau eru einnig líklegri en önnur börn til að standast hópþrýsting jafnaldranna en þeir sem hafa veikari tengsl við foreldra sína¹¹. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að jákvæð tengsl séu milli stuðnings og aðhalds foreldra og árangur barna í skólum¹². Það ætti því að liggja í augum upp að þau börn sem eru í jákvæðum og sterkum tengslum við foreldra sína eru jafnan líklegri til að ganga betur í skóla en þeim sem eru í síðri tengslum við foreldra og þá eru meiri líkur á að slíkt samanband stuðli að betri almennri líðan. Þar að auki hafa rannsóknir undangenginna ára sýnt að börn sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína eru síður líklegri en önnur börn til að eiga við margvísleg sálræn og félagsleg vandamál að stríða¹³. Hlutverk foreldra í því að veita börnum sínum mikilvægt félagslegt taumhald nær því út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og barna.

⁹ Thorlindsson o.fl., 2007, Sigfusdóttir o.fl., 2004, Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl., 2005, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl., 2003, Coleman, 1988, Agnew, 1991, Warr, 1993, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Pong o.fl. 2005, Davis-Kean 2005.


¹⁰ Barnes og Farell, 1992, Svensson, 2003, Borawski o.fl. 2003.

¹¹ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Svensson 2003.

¹² Aunola o.fl. 2000, Sheldon og Epstein, 2005, Inga Dóra Sigfúsdóttir 1999.


¹³ Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson 1991, Sigfusdóttir o.fl. 2004, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2006.

Mikill meirihluti nemenda í 5., 6. og 7. bekk segist frá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanámið. Á mynd 23 má sjá að um og yfir 80% nemenda segist fá slíka hjálp oft eða stundum. Ákveðinn munur kemur þó fram á milli stráka og stelpna, þar sem strákar segja frekar en stelpur að þeir fái sjaldan, næstum aldrei eða aldrei hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum. Hlutfall þeirra nemenda sem svara því til að þeir fái sjaldan, næstum aldrei eða aldrei hjálp við heimanámið hækkar jafnframt einnig eftir því sem nemendur eru eldri. Þannig á slíkt við um 15% nemenda í 5. bekk, 17% nemenda í 6. bekk og þegar litið er til nemenda í 7. bekk segjast um 22% þeirra að þeir fái sjaldan, aldrei eða næstum aldrei hjálp við heimanámið.




Mynd 23. Hversu oft færð þú hjálp frá pabba þínum, mömmu eða systkinum með heimanámið þitt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Eins og fram kemur hér að framan skipta samverustundir ungmenna og foreldra þeirra miklu máli. Á mynd 24 má sjá að þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir horfi á sjónvarp eða myndband með foreldrum sínum kemur í ljós að umtalsverður meirihluti þeirra segist eiga slíkar samverustundir stundum eða oft með pabba sínum eða mömmu. Þannig á slíkt við um 77% fimmtubekkinga, 81% sjöttubekkinga og 83% sjöundubekkinga. Hér má einnig greina mun á milli stráka og stelpna þar sem stelpur eru líklegri en strákar til að segja að þær horfi stundum eða oft á sjónvarp eða myndband með pabba sínum eða mömmu.




Mynd 24. Hversu oft horfir þú á sjónvarp eða myndband með pabba þínum eða mömmu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Á mynd 25 má sjá hversu oft nemendur eru í íþróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu. Um og yfir helmingur nemenda segist stundum eða oft vera í slíku með foreldrum sínum. Hlutfallið er hæst þegar litið er til nemenda í 5. bekk og segjast um 58% þeirra vera stundum eða oft með pabba sínum eða mömmu í íþróttum eða útivist. Um 55% nemenda í 6. bekk svara því til en hlutfallið er lægst meðal sjöundubekkinga, eða sem svarar til 51%. Líkt og niðurstöður sýndu fyrir samverustundir með foreldrum við sjónvarps- eða myndbandsáhorf, eru stelpur hér líklegri en strákar til að segjast vera stundum eða oft með pabba sínum eða mömmu í íþróttum eða útivist og á það við um alla aldurshópana þó hlutfallið lækki eftir því sem þær verða eldri.




Mynd 25. Hversu oft ert þú í íþróttum eða útivist með pabba þínum eða mömmu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Ef litið er til þess hversu oft nemendur fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu má sjá (mynd 26) að innan við 40% segja að þeir geri slíkt stundum eða oft. Hlutfallið er svipað milli bekkjardeilda en munur kemur fram þegar niðurstöður eru greindar eftir kyni. Þannig eru stelpur líklegri til að segjast stundum eða oft fara með pabba sínum eða mömmu í leikhús, á sýningar eða á tónleika. Hlutfallið er 42% hjá stelpum í 5. bekk á meðan 30% stráka svara því til, í 6. bekk er munurinn jafnvel enn meiri og segjast um 46% stelpna og 31% stráka í þeim bekkjardeildum stundum eða oft fara með pabba sínum eða mömmu á slíka viðburði. Hvað nemendur í 7. bekk varðar þá svara 43% stelpna og 31% stráka spurningunni þannig að þau fari stundum eða oft með foreldrum sínum í leikhús, á sýningar eða tónleika.




Mynd 26. Hversu oft ferð þú í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba þínum eða mömmu?
Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Ef niðurstöður þessarar spurningar eru bornar saman milli ára 2005 og 2007, má sjá (mynd 27) að lítill munur kemur fram á milli ára. Munurinn er þó mest greinanlegur þegar litið er til stelpna í 7. bekk en þar hækkar hlutfallið mest milli ára 2005 og 2007.




Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast fara *stundum eða oft* með pabba sínum og mömmu í leikhús, á sýningar eða tónleika. Samanburður fyrir árin 2005 og 2007.

Ef litið er til þess hve oft nemendur segja að allir í fjölskyldunni tali saman má sjá, mynd 28, að um átta af hverjum 10 nemendum segja að allir í fjölskyldunni tali stundum eða oft saman. Sem fyrr eru stelpur líklegri en strákar til að svara því til. Ef litið er til nemenda í 5. bekk segja um 82% stelpna að fjölskyldan tali stundum eða oft öll saman á meðan 73% stráka í 5. bekk segja svo vera. Í 6. bekk er hlutfallið 82% meðal stelpna en 79% hjá strákum, og hvað sjöundubekkinga varðar þá á slíkt við um hjá 86% stelpna og 79% stráka. Hér vekur athygli að hlutfallið hækkar lítillega á milli 5. bekkjar annars vegar og svo 6. og 7. bekkjar hins vegar.




Mynd 28. Hversu oft tala allir í fjölskyldunni þinni saman? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Þá segir mikill meirihluti nemenda að þeir séu stundum eða oft með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar (mynd 29). Þannig á það við um 86% nemenda í 5. bekk, 88% í 6. bekk og 84% nemenda í 7. bekk. Hér kemur fram svipað mynstur og áður að stelpur eru líklegri en strákar til að svara því til að þær séu stundum eða oft með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar. Niðurstöður sýna því að um 17% stráka í 5. bekk, 15% í 6. bekk og 18% í 7. bekk segist vera sjaldan, næstum aldrei eða aldrei með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar.




Mynd 29. Hversu oft ert þú með foreldrum þínum eftir skóla eða um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Nær allir nemendur í 5., 6. og 7. bekk segja að þeir eigi mjög eða frekar auðvelt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum (mynd 30). Strákar eru þó líklegri en stelpur til að segja að slíkt sé mjög eða frekar erfitt. Þannig segja um 8% stráka í 5. bekk, 6% stráka í 6. bekk og 5% stráka í 7. bekk að það sé mjög eða frekar erfitt fyrir þá að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum á meðan hlutfallið er á bilinu 3-4% meðal stelpna í þessum bekkjardeildum.




Mynd 30. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum þínum?
Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Þegar nemendur voru inntir eftir því hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þau að fá ráðleggingar varðandi námið, sýna niðurstöður (mynd 31) að níu af hverjum 10 nemendum segir að það sé mjög eða frekar auðvelt fyrir þá. Það eru þó engu að síður 10% fimmtubekkinga, 8% sjöttubekkinga og 7% nemenda í 7. bekk sem segja að þeir eigi mjög eða frekar erfitt með að fá ráðleggingar varðandi nám sitt.




Mynd 31. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum þínum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Hátt í helmingur nemenda í 5., 6. og 7. bekk segist vera einn heima (ekki með fjölskyldu) eftir skóla (mynd 32). Þannig segist rétt innan við helmingur nemenda í 5., 6. og 7. bekk vera stundum eða oft einir heima eftir skóla. Ekki munar hér miklu á milli bekkjardeilda, en þó eru sjöundubekkingar hlutfallslega líklegastir til að svara því til. Að sama skapi kemur ekki fram mikill munur á milli stráka og stelpna en þó má sjá að strákar virðast frekar vera stundum eða oft einir heima að loknum skóla.



Mynd 32. Hversu oft ert þú ein(n) heima eftir skóla (Ekki með fjölskyldu)? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Í ljósi þessara niðurstaðna er ánægjulegt að sjá að mikill meirihluti nemenda segir að sér líði aldrei eða næstum aldrei illa heima (mynd 33). Þannig segjast um 83% nemenda í 5. bekk, 86% í 6. bekk og nær níu af hverjum 10 nemenda í 7. bekk að sér líði aldrei eða næstum aldrei illa heima. Það eru þó engu að síður um 15% fimmtubekkinga sem segja að sér líði sjaldan eða stundum illa heima og hlutfall þeirra sem svara því þannig til í 6. bekk er 12% á meðan slíkt á við um 10% sjöundubekkinga. Í þessu sambandi kemur fram lítill eða enginn munur á milli stráka og stelpna.



Mynd 33. Líður þér illa heima? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Vinir

Þegar skoðað er hversu vinamargir nemendur í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla landsins segjast vera má sjá (mynd 34) að meirihluti þeirra segist eiga marga eða mjög marga vini. Hlutfallið eykst jafnframt eftir því sem nemendur verða eldri. Þannig segjast um 64% fimmtubekkinga að þeir eigi marga eða mjög marga vini á meðan 68% nemenda í 6. bekk svarar því til og 72% sjöundubekkinga. Athygli vekur að ekki kemur fram munur á milli stráka annars vegar og stelpna hins vegar. Það er þó vert að taka fram að einn af hverjum tíu nemendum í 5. bekk, rétt innan við 10% nemenda í 6. bekk og 7% nemenda í 7. bekk segja að þeir eigi fáa eða enga vini.




Mynd 34. Hversu marga vini eða vinkonur áttu í skólanum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Þegar nemendur eru inntir eftir því hversu oft þeir séu með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar má sjá (mynd 35) að ríflega átta af hverjum 10 nemendum segist vera stundum eða oft með vinum sínum á þeim tíma. Þá svara um 15% nemenda í 5. bekk, 14% í 6. bekk og 13% nemenda í 7. bekk að þeir séu sjaldan, næstum aldrei eða aldrei með vinum sínum eftir skóla eða um helgar.




Mynd 35. Hversu oft ert þú með vinum eða vinkonum þínum eftir skóla eða um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Ef litið er til þess hvort foreldrar þekki vini eða vinkonur barna sinna kemur í ljós að slíkt á mjög eða frekar vel við um mikinn meirihluta nemendanna (mynd 36). Þannig segja 96% stelpna og 92% stráka í 5. bekk að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini /vinkonur þeirra. 97% stelpna og 92% stráka í 6. bekk segir slíkt eiga við um þau og 96% stelpna og 91% stráka í 7. bekk svarar því til.



Mynd 36. Foreldrar mínir þekkjast vini/vinkonur mína(r). Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Mikill meirihluti nemenda er einnig á því að foreldrar þeirra þekki foreldra vina og vinkvenna sinna (mynd 37). Þó segja um 16% nemenda í 5. bekk, 18% í 6. bekk og 21% nemenda í 7. bekk að það eigi mjög eða frekar illa við um þau að foreldrar þeirra þekki foreldra vina eða vinkvenna sinna.



Mynd 37. Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/vinkvenna minna. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Stríðni

Í eftirfarandi kafla eru settar fram niðurstöður spurninga er lúta að stríðni og einelti meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk. Þegar litið er til þess hversu algengt það er að nemendur segi að þeir hafi sjálfir tekið þátt í að stríða öðrum má sjá að hlutfallslega fáir nemendur segja að þeir hafi tekið þátt með nokkrum öðrum krökkum að stríða einum krakka (tafla 3). Mikill meirihluti nemenda segir að þeir hafi aldrei tekið þátt í slíku og á það við um allar bekkjardeildir. Hér kemur þó fram munur á milli stelpna og stráka þar sem strákar eru líklegri til að hafa tekið þátt í slíku.

Tafla 3. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Þú varst með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	69 (1151)	87 (1451)	78 (2602)
	Næstum aldrei	19 (313)	9 (152)	14 (465)
	Sjaldan	8 (137)	3 (44)	5 (181)
	Stundum	3 (54)	1 (15)	2 (69)
	Oft	1 (9)	0 (1)	0 (10)
6. bekkur	Aldrei	66 (1127)	85 (1407)	75 (2534)
	Næstum aldrei	20 (345)	11 (177)	16 (522)
	Sjaldan	9 (150)	3 (51)	6 (201)
	Stundum	4 (70)	1 (20)	3 (90)
	Oft	1 (14)	0 (4)	1 (18)
7. bekkur	Aldrei	66 (1176)	84 (1488)	75 (2664)
	Næstum aldrei	22 (394)	11 (187)	16 (581)
	Sjaldan	8 (151)	3 (61)	6 (212)
	Stundum	3 (48)	1 (23)	2 (71)
	Oft	1 (16)	0 (5)	1 (21)

Að sama skapi segist mikill meirihluti nemenda aldrei hafa verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka (tafla 4). Sem fyrr er það þó líklegra að strákar hafi einhvern tíma tekið þátt í slíku.

Þá er það sjaldgæft að nemendur hafi síðastliðinn vetur verið með nokkrum krökkum í því að ráðast á annan hóp (tafla 5). Mikill meirihluti nemenda í öllum bekkjardeildum segist þó aldrei hafa tekið þátt í slíku. Svipað mynstur kemur einnig fram þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir spurninguna – hversu oft hefur það gerst í vetur að þú varst með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan (tafla 6). Þannig segjast nær átta af hverjum 10 nemendum aldrei hafa tekið þátt í slíku athæfi.

Tafla 4. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? Þú varst með nokkrum krökkum að meiða einn krakka. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	80 (1323)	96 (1587)	88 (2910)
	Næstum aldrei	13 (218)	3 (56)	8 (274)
	Sjaldan	5 (81)	1 (11)	3 (92)
	Stundum	1 (18)	0 (5)	1 (23)
	Oft	0 (7)	0 (2)	0 (9)
6. bekkur	Aldrei	84 (1427)	96 (1584)	90 (3011)
	Næstum aldrei	10 (173)	3 (55)	7 (228)
	Sjaldan	4 (72)	1 (16)	3 (88)
	Stundum	1 (24)	0 (1)	1 (25)
	Oft	0 (5)	0 (2)	0 (7)
7. bekkur	Aldrei	84 (1494)	97 (1708)	91 (3202)
	Næstum aldrei	11 (189)	2 (43)	7 (232)
	Sjaldan	3 (52)	1 (9)	2 (61)
	Stundum	1 (22)	0 (3)	1 (25)
	Oft	1 (12)	0 (3)	0 (15)

Tafla 5. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Þú varst með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	72 (1198)	92 (1527)	82 (2725)
	Næstum aldrei	14 (231)	6 (97)	10 (328)
	Sjaldan	8 (135)	1 (24)	5 (159)
	Stundum	4 (62)	1 (13)	2 (75)
	Oft	2 (35)	0 (3)	1 (38)
6. bekkur	Aldrei	70 (1196)	92 (1520)	81 (2716)
	Næstum aldrei	14 (246)	6 (103)	10 (349)
	Sjaldan	8 (140)	1 (23)	5 (163)
	Stundum	5 (93)	1 (10)	3 (103)
	Oft	2 (33)	0 (1)	1 (34)
7. bekkur	Aldrei	72 (1282)	92 (1629)	82 (2911)
	Næstum aldrei	14 (245)	5 (87)	9 (332)
	Sjaldan	7 (131)	2 (34)	5 (165)
	Stundum	5 (80)	1 (12)	3 (92)
	Oft	2 (32)	0 (5)	1 (37)

Tafla 6. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Þú varst með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	74 (1226)	85 (1423)	80 (2649)
	Næstum aldrei	17 (279)	11 (183)	14 (462)
	Sjaldan	6 (103)	3 (44)	4 (147)
	Stundum	2 (30)	1 (19)	1 (49)
	Oft	1 (16)	0 (4)	1 (20)
6. bekkur	Aldrei	72 (1221)	81 (1336)	76 (2557)
	Næstum aldrei	8 (306)	15 (253)	17 (559)
	Sjaldan	7 (114)	3 (48)	5 (162)
	Stundum	2 (35)	1 (17)	2 (52)
	Oft	1 (25)	0 (2)	1 (27)
7. bekkur	Aldrei	72 (1270)	80 (1421)	76 (2691)
	Næstum aldrei	19 (337)	14 (247)	16 (584)
	Sjaldan	5 (95)	3 (58)	4 (153)
	Stundum	3 (53)	2 (31)	2 (84)
	Oft	1 (17)	1 (11)	1 (28)

Í töflum 7 til 10 má sjá hversu algengt það er að nemendur hafi sjálfir orðið fyrir stríðni af einhverju tagi. Í ljós kemur að meirihluti nemenda hafði ekki upplifað stríðni af hálfu nokkurra krakka (tafla 7). Þannig segjast um 60% nemenda í 5. bekk, 64% í 6. bekk og 72% nemenda í 7. bekk að slíkt hafi aldrei gerst hjá þeim í vetur. Engu að síður sýna þessar sömu niðurstöður að 102 fimmtubekkingar, 110 sjöttubekkingar og 68 sjöundubekkingar hafi upplifað slíkt oft.

Þegar litið er til annarra þátta (töflur 8 til 10) má sjá að svipað hlutfall nemenda segist aldrei hafa upplifað þá þætti sem spurt er um, en engu að síður er ákveðinn fjöldi nemenda sem þarf oft að glíma við stríðni af einhverjum toga. Niðurstöður sýna einnig að slíkt er hlutfallslega algengara meðal nemenda í 5. bekk í samanburði við aðrar bekkjardeildir.

Tafla 7. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Nokkrir krakkar stríddu þér einni/einum.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	53 (888)	67 (1107)	60 (1995)
	Næstum aldrei	20 (337)	15 (257)	18 (594)
	Sjaldan	13 (225)	9 (142)	11 (367)
	Stundum	9 (155)	7 (120)	8 (275)
	Oft	4 (64)	2 (38)	3 (102)
6. bekkur	Aldrei	60 (1039)	68 (1126)	64 (2164)
	Næstum aldrei	19 (335)	15 (241)	17 (576)
	Sjaldan	9 (149)	7 (120)	8 (269)
	Stundum	8 (132)	7 (123)	8 (255)
	Oft	4 (63)	3 (47)	3 (110)
7. bekkur	Aldrei	68 (1213)	76 (1339)	72 (2552)
	Næstum aldrei	17 (301)	13 (234)	15 (535)
	Sjaldan	7 (134)	5 (89)	6 (223)
	Stundum	6 (100)	4 (78)	5 (178)
	Oft	2 (40)	2 (28)	2 (68)

Tafla 8. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Nokkrir krakkar réðust á þig eina/einn og meiddu þig.*

Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	67 (1111)	85 (1405)	76 (2516)
	Næstum aldrei	16 (265)	9 (141)	12 (406)
	Sjaldan	8 (38)	4 (63)	6 (201)
	Stundum	6 (99)	2 (32)	4 (131)
	Oft	2 (37)	1 (11)	1 (48)
6. bekkur	Aldrei	77 (1316)	87 (1441)	82 (2757)
	Næstum aldrei	11 (187)	8 (132)	9 (319)
	Sjaldan	6 (106)	2 (29)	4 (135)
	Stundum	4 (64)	3 (43)	3 (107)
	Oft	2 (34)	1 (11)	1 (45)
7. bekkur	Aldrei	82 (1457)	93 (1651)	88 (3108)
	Næstum aldrei	10 (178)	4 (73)	7 (251)
	Sjaldan	4 (65)	1 (15)	2 (80)
	Stundum	3 (49)	1 (23)	2 (72)
	Oft	2 (30)	0 (6)	1 (36)

Tafla 9. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Nokkrir krakkar réðust á hóp sem þú varst með.*

Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	69 (1131)	84 (1387)	76 (2518)
	Næstum aldrei	14 (235)	10 (162)	12 (397)
	Sjaldan	9 (146)	4 (60)	6 (206)
	Stundum	5 (84)	2 (40)	4 (124)
	Oft	3 (51)	1 (9)	2 (60)
6. bekkur	Aldrei	72 (1223)	86 (1419)	79 (2642)
	Næstum aldrei	14 (231)	9 (148)	11 (379)
	Sjaldan	7 (116)	3 (52)	5 (168)
	Stundum	5 (88)	1 (23)	3 (111)
	Oft	2 (40)	1 (9)	1 (49)
7. bekkur	Aldrei	77 (1377)	90 (1592)	84 (2969)
	Næstum aldrei	12 (217)	7 (117)	9 (334)
	Sjaldan	5 (82)	2 (27)	3 (109)
	Stundum	4 (69)	1 (18)	2 (87)
	Oft	2 (33)	1 (10)	1 (43)

Tafla 10. Hversu oft hefur þetta gerst hjá þér í vetur? *Margir krakkar skildu þig eftir útundan.* Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei	66 (1080)	64 (1063)	65 (2143)
	Næstum aldrei	18 (290)	17 (284)	17 (574)
	Sjaldan	7 (117)	7 (121)	7 (238)
	Stundum	6 (1)	7 (122)	6 (213)
	Oft	4 (68)	4 (65)	4 (133)
6. bekkur	Aldrei	71 (1214)	68 (1122)	70 (2336)
	Næstum aldrei	14 (235)	16 (258)	15 (493)
	Sjaldan	5 (89)	7 (108)	6 (197)
	Stundum	5 (91)	6 (100)	6 (191)
	Oft	4 (70)	4 (59)	4 (129)
7. bekkur	Aldrei	77 (1372)	75 (1331)	76 (2703)
	Næstum aldrei	12 (216)	14 (244)	13 (460)
	Sjaldan	4 (74)	4 (76)	4 (150)
	Stundum	4 (71)	3 (60)	4 (131)
	Oft	2 (39)	3 (55)	3 (94)

Nemendur voru spurðir að því hvað þeim finnst um það þegar þeim er strítt. Í töflu 11 má sjá að þó stór hluti nemenda segi að þeim sé aldrei strítt, þá hefur stríðni í för með sér vanlíðan meðal nemendanna. Um 27% nemenda í 5. bekk segja að þeim líði frekar illa yfir því að vera strítt og 24% svara því til í 6. bekk. Hvað nemendur í 7. bekk varðar þá segja um 22% þeirra að þeim líði frekar illa yfir því að vera strítt. Í þessu sambandi kemur ekki fram mikill munur á milli stelpna annars vegar og stráka hins vegar, þó munur komi fram milli kynja þegar litið er til þeirra sem er aldrei strítt. Þannig segja um 40% stelpna í 5. bekk að þeim sé aldrei strítt á meðan hlutfallið er 33% meðal strákanna. Um 44% stelpna í 6. bekk segja að þeim sé aldrei strítt, en 39% strákanna og hvað nemendur í 7. bekk varðar þá segir ríflega helmingur stelpna að þeim sé aldrei strítt á meðan 45% stráka svara því til.

Tafla 11. Hvað finnst þér um það þegar þér er strítt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk., greint eftir kyni.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Mér er aldrei strítt	33 (554)	40(669)	37 (1223)
	Mér er alveg sama þótt mér sé strítt	23 (389)	11 (175)	17 (564)
	Mér líður frekar illa yfir því að vera strítt	27 (452)	27 (451)	27 (903)
	Mér líður mjög illa yfir því að vera strítt	16 (272)	22 (368)	19 (640)
6. bekkur	Mér er aldrei strítt	39 (673)	44 (722)	42 (1395)
	Mér er alveg sama þótt mér sé strítt	25 (428)	13 (221)	19 (649)
	Mér líður frekar illa yfir því að vera strítt	24 (408)	24 (401)	24 (809)
	Mér líður mjög illa yfir því að vera strítt	12 (197)	18 (297)	15 (494)
7. bekkur	Mér er aldrei strítt	45 (808)	53 (927)	49 (1735)
	Mér er alveg sama þótt mér sé strítt	25 (446)	14 (238)	19 (684)
	Mér líður frekar illa yfir því að vera strítt	21 (382)	22 (394)	22 (776)
	Mér líður mjög illa yfir því að vera strítt	8 (143)	11 (202)	10 (345)

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða hvar þeim nemendum sem verða fyrir stríðni er helst strítt. Í töflu 12 hafa allir svarmöguleikar verið settir fram og niðurstöður greindar eftir bekkjardeildum og kyni. Hér vekur óneitanlega athygli hversu hátt


hlutfall nemenda segir að þeim sé strítt á skólalóðinni og jafnframt er hlutfallið nokkuð hátt þegar litið er til stríðni á göngum skólans.

Tafla 12. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk., greint eftir kyni.

	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
Ef strítt, þá hvar.	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Í kennslustundum	5,6 (95)	6,5 (111)	7,1 (124)	7,8 (131)	9,3 (167)	7,8 (139)
Á göngunum	11,7 (199)	8,4 (142)	9,9 (172)	9,1 (152)	12,5 (224)	9,7 (172)
Í leikfimi eða sundi	7,0 (119)	5,5 (93)	5,1 (89)	4,6 (77)	4,9 (88)	3,0 (54)
Í búningsklefum eða sturtu	8,1 (139)	4,5 (76)	7,7 (134)	4,5 (75)	6,5 (116)	3,0 (54)
Í frímínútum á skólalóðinni	38 (649)	28,2 (479)	29,1 (505)	24,7 (413)	20,8 (373)	15,7 (279)
Á leið í og úr skóla	7,1 (121)	5,9 (101)	6,3 (110)	5,7 (95)	3,3 (60)	3,4 (61)
Á MSN eða spjallrásum	3,8 (65)	6,4 (108)	3,5 (60)	8,2 (137)	3,7 (67)	8,5 (150)
Í frítíma mínum	7,0 (119)	5,4 (91)	6,0 (104)	4,8 (81)	4,9 (87)	4,7 (83)
Í síma eða með SMS skilaboðum	1,2 (21)	1,7 (29)	1,7 (30)	2,0 (33)	1,5 (26)	2,0 (35)
Í matsal eða í matartímum	6,0 (102)	5,8 (98)	5,6 (98)	5,5 (92)	5,5 (99)	4,1 (73)


Á mynd 38 má sjá niðurstöður um stríðni á skólalóðinni og samanburð á milli ára 2005 og 2007. Ef byrjað er á að skoða niðurstöður fyrir árið 2007 má sjá að nemendur í 5. bekk eru hlutfallslega líklegastir til að nefna skólalóðina sem helsta vettvang þeirrar stríðni sem þeir verða fyrir. Þá eru strákar í 5. bekk líklegri til að upplifa stríðni á skólalóðinni í samanburði við stelpur (28%) í þeirri bekkjardeild. Hlutfallið er því lægst meðal nemenda í 7. bekk þegar litið er til stríðni á skólalóðinni.

Ef samanburður er gerður milli ára má sjá að hlutfallið hefur hækkað frá árinu 2005 meðal stráka í 5. bekk og stelpna í 6. bekk. Slíkur samanburður gefur einnig til kynna að eftir því sem nemendur verða eldri þá séu minni líkur á því að þeir upplifi stríðni á skólalóðinni.




Mynd 38. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim sé strítt í frímínútum á skólalóðinni. Samanburður milli ára 2005 og 2007.

Eins og greina mátti í töflu 12 var stríðni einnig nokkuð algeng á göngum skólans. Á mynd 39 má sjá þessar niðurstöður ásamt samanburði við árið 2005. Niðurstöður sýna að um 12% stráka í 5. bekk upplifa það að vera helst strítt á göngum skólans á meðan slíkt á við um 8% stelpna í þeirri bekkjardeild. Í 6. bekk er hlutfallið 10% stráka á móti 9% stelpna og þegar litið er til sjöundubekkinga þá er hlutfallið 13% meðal strákanna en 10% hjá stelpunum. Myndin sýnir jafnframt að í flestum tilfellum má greina hlutfallslega aukningu á milli áranna 2005 og 2007.



Mynd 39. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim sé strítt á göngunum. Samanburður milli áranna 2005 og 2007.

Á mynd 40 má sjá að mikill meirihluti nemenda segist aldrei hafa strítt krakka í vetur af því að hann væri útlendingur eða hefði fæðst í útlöndum. Slík stríðni virðist þó vera greinanleg og segjast á bilinu 7- 10% stráka og 4% stelpna hafa strítt (sjaldan eða næstum aldrei) krakka í vetur sökum þess að hann væri útlendingur eða hafi fæðst í útlöndum.




Mynd 40. Hefur þú strítt einhverjum krakka í vetur af því að hann eða hún er útlendingur eða fæddist í útlöndum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk, greint eftir kyni.

Nám og skóli

Tengsl nemenda við skólann sinn og líðan þeirra í honum skiptir máli fyrir almenna líðan þeirra¹⁴. Það er því mikilvægt að nemendum, stelpum jafnt sem stráku, líði vel í skólanum sínum og að þeir tengist honum og náminu sjálfu sterkum böndum. Niðurstöður rannsókna benda til að skuldbinding barna við nám og skóla hafi mikilvæg og jákvæð áhrif á þá og dragi úr líkum á áhættu hegðun, svo sem vímuefnaneyslu¹⁵ og ofbeldishegðun¹⁶. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur sem eru jákvæðir gagnvart skólanum og líður vel í honum eru alla jafna líklegri en aðrir nemendur til að leggja á sig það sem þarf til að gera vel í námi sínu¹⁷.

Þegar skoðað er hlutfall þeirra nemenda sem segja að þeim finnist námið oft eða alltaf of erfitt má sjá (mynd 41) að um einn af hverjum 10 nemendum hafa slíka tilfinningu í garð námsins. Hér má greina mun á milli kynja þar sem strákar eru líklegri til að finnst námið oft eða alltaf of erfitt. Þannig svara rúm 12% stráka í 5. bekk, tæp 14% stráka í 6. bekk og rétt rúm 14% í 7. bekk því til. Hvað stelpurnar varðar þá segja um 9% þeirra að þeim finnist námið oft eða alltaf of erfitt.



Mynd 41. Finnst þér námið vera of erfitt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnst námið vera *oft eða alltaf of erfitt*, greint eftir kyni.


¹⁴ Coleman, 1988, Hirchi, 1969.

¹⁵ Ingibjörg Kaldalóns, 1996, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

¹⁶ Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.


¹⁷ Sigfusdóttir o.fl., 2007, Sanders, 1998.

Á mynd 42 má aftur á móti sjá hlutfall þeirra nemenda sem segja að þeim finnist námið oft eða alltaf of létt. Hlutfallið er hæst meðal nemenda í 5. bekk (rétt tæplega 13%), rúmlega 11% svara því til þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir 6. bekk og tæp 9% sjöundubekkinga segja að þeim finnist námið oft eða alltaf of létt. Hér má greina svipað mynstur og niðurstöður sýndu fyrir nemendur sem finnst námið of erfitt og eru strákar þannig hlutfallslega líklegri til að segja að þeim finnist námið oft eða alltaf of létt.




Mynd 42. Finnst þér námið vera of létt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnist námið vera *oft eða alltaf of létt*, greint eftir kyni.

Skýr munur á milli kynja kemur fram þegar litið er til þess hvort nemendum finnist námið oft eða alltaf skemmtilegt (mynd 43). Þannig eru stelpur hlutfallslega mun líklegri en strákar til að svara því til. Hér vekur athygli hversu lágt hlutfallið er þegar litið er til nemenda í heild (óháð kyni) þannig segja einungis tæp 31% fimmtubekkinga að þeim finnist námið oft eða alltaf skemmtilegt, innan við fjórðungur nemenda í 6. bekk svarar því til og vel innan við fimmtungur nemenda í 7. bekk. Hér vegur vissulega þungt lágt hlutfall stráka sem segja að þeim finnist námið skemmtilegt (oft eða alltaf). Myndin sýnir einnig mjög sterkt hvernig hlutfall nemenda sem finnst námið skemmtilegt lækkar eftir því sem nemendur eldast og á það bæði við um stráka og stelpur, þó stelpurnar séu eins og áður segir jákvæðari í garð námsins.




Mynd 43. Finnst þér námið vera skemmtilegt? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnst námið vera *oft* eða *alltaf skemmtilegt*, greint eftir kyni.

Í takt við þessar niðurstöður eru strákar mun líklegri en stelpur til að segja að þá langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum (mynd 44). Slíkt á við um rúmlega 17% stráka í 5. bekk á meðan hlutfallið er um 8% meðal stelpnanna. Í 6. bekk segja rúmlega 18% stráka að þá langi til að hætta í skólanum (oft eða alltaf) en um 7% stelpna í þeirri bekkjardeild svara því til. Ef litið er til sjöundubekkinga þá langar rúmlega 16% stráka og tæplega 9% stelpna oft eða alltaf til að hætta í skólanum.




Mynd 44. Langar þig til að hætta í skólanum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þá langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum, greint eftir kyni.

Þá voru nemendur beðnir um að svara því hversu oft þeim líði illa í kennslustundum. Mynd 45 sýnir að lágt hlutfall nemenda upplifir slíkt í sínu námi. Það eru þó engu að síður tæp 6% nemenda í 5. bekk og um 5% nemenda í 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði oft eða alltaf illa í kennslustundum. Hér kemur einnig fram munur á milli stráka og stelpna þó hann sé ekki mjög mikill (um og yfir tvö prósentustig).



Mynd 45. Líður þér illa í kennslustundum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði oft eða alltaf illa í kennslustundum, greint eftir kyni.


Að sama skapi sýna niðurstöður að fáum nemendum virðist líða oft eða alltaf illa í frímínútum (mynd 46). Sem fyrr er þó vert að hafa í huga að um 4% nemenda í 5. og 6. bekk og um 3% í 7. bekk segja að þeim líði oft eða alltaf illa í frímínútum.



Mynd 46. Líður þér illa í frímínútum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líði oft eða alltaf illa í frímínútum, greint eftir kyni.


Meirihluti nemenda segir að sér líki oft eða alltaf vel við kennarana (mynd 47). Hlutfall þeirra sem segja svo vera er þó hæst meðal nemenda í 5. bekk þar sem 75% segja að sér líki oft eða alltaf vel við kennarana. Hlutfallið lækkar í 67% þegar litið er til sjöttubekkinga og er enn lægra meðal nemenda í 7. bekk þar sem rúm 58% svara því til.

Hér vekur jafnframt athygli sá munur er kemur fram milli stráka og stelpna. Þannig segja 69% stráka á móti rúmum 80% stelpna í 5. bekk að þeim líki oft eða alltaf vel við kennarana. Í 6. bekk er hlutfallið rúm 61% meðal stráka á meðan 73% stelpna svara því til. Í 7. bekk segir rétt rúmur helmingur stráka (53%) að sér líki oft eða alltaf vel við kennarana á meðan slíkt á við um rúmlega 63% stelpna.




Mynd 47. Líkar þér vel við kennarana? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki oft eða alltaf vel við kennarana, greint eftir kyni.

Mikill meirihluti nemenda segir að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum. Ekki kemur fram mikill munur á milli bekkjardeilda, en niðurstöður sýna að stelpur eru hlutfallslega líklegri en strákar til að segja að kennararnir hrósi þeim í skólanum. Þannig segja um 77% stelpna á móti tæplega 64% stráka að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum. Ef litið er til sjöttubekkinga þá er hlutfallið rétt rúm 66% meðal stráka á móti rúmum 73% stelpna. Í 7. bekk segja 62% stráka og um 71% stelpna að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum (mynd 48).




Mynd 48. Hversu oft hrósa kennararnir þér í skólanum? Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk sem segja að kennararnir hrósi þeim stundum eða oft í skólanum, greint eftir kyni.

Í ljósi þeirra niðurstaðna sem raktar eru hér að framan er fróðlegt að skoða hvernig viðhorf til náms hefur áhrif á aðra þætti. Á mynd 49 má sjá hlutfall stráka og stelpna sem segja að þeim finnist námið oft eða alltaf skemmtilegt, greint eftir því hversu oft þau upplifa námið of erfitt. Myndin sýnir glögg að þeim nemendum sem finnst námið oft eða alltaf of erfitt eru ólíklegri til að telja námið skemmtilegt. Þannig segja einungis 5% stráka og 11% stelpna sem upplifa námið of erfitt (oft eða alltaf) að þeim finnist námið skemmtilegt (oft eða alltaf).




Mynd 49. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim finnist námið *oft eða alltaf skemmtilegt*, greint eftir því hvort þeim finnst námið erfitt.

Að sama skapi er hlutfallslega mun líklegra að nemendur, sem finnst námið of erfitt (oft eða alltaf) langi til að hætta í skólanum (mynd 50). Þannig segja um 41% stráka og 31% stelpna sem finnst námið oft eða alltaf of erfitt að þau langi til að hætta í skólanum (oft eða alltaf). Á meðan slíkt á einungis við um 10% stráka og tæplega 4% stelpna sem finnst námið aldrei eða næstum aldrei of erfitt.




Mynd 50. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau *langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum*, greint eftir því hvort þeim finnst námið erfitt.

Niðurstöður sýna að þeim nemendum sem finnst nám sitt aldrei eða næstum aldrei skemmtilegt eru hlutfallslega líklegri til að langa til að hætta í skóla. Þannig má sjá (mynd 51) að af þeim strákum sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum finnst 37% þeirra námið aldrei eða næstum aldrei skemmtilegt, tæpum 9% finnst námið sjaldan eða stundum skemmtilegt og um 4% segja að námið sé oft eða alltaf skemmtilegt. Sama mynstur má greina þegar litið er til þeirra stelpna sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum þó hlutfall þeirra sé lægra, enda eru þær ólíklegri til að langa oft eða alltaf til að hætta í skólanum. Af þeim stelpum sem langar til að hætta í skóla (oft eða alltaf) eru rúm 29% sem segja að þeim finnst námið aldrei eða næstum aldrei skemmtilegt, 6% finnst það eiga við sjaldan eða stundum og rétt tæp 3% finnst námið oft eða alltaf skemmtilegt.



Mynd 51. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau *langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum*, greint eftir því hvort þeim finnst námið skemmtilegt.

Á mynd 52 má síðan sjá hlutfall þeirra nemenda sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum, greint eftir því hversu oft það hafði gerst í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim. Ef litið er fyrst á niðurstöður fyrir stráka kemur fram að tæp 31% þeirra sem hafa stundum eða oft orðið fyrir stríðni langar til að hætta í skólanum (oft eða alltaf) á meðan slíkt á við um rúm 14% stráka sem aldrei hafa upplifað stríðni í vetur. Sem fyrr kemur sama mynstur fram þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpur og segja tæp 26% þeirra sem hafa stundum eða oft orðið fyrir stríðni að þær langi til að hætta í skólanum. Ef litið er til stelpna sem aldrei hafa upplifað stríðni þá er hlutfallið rúm 5% meðal þeirra sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum.



Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau *langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum*, greint eftir því hvort þeim hafi verið strítt í vetur.

Íþrótt-, félags- og tómstundastarf

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að iðkun íþróttar og líkamsræktar sé holl og góð fyrir börn. Þannig hefur verið sýnt fram á að með þátttöku í íþróttum og ástundun reglulegrar hreyfingar dragi úr líkum á áhættuhegðun. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að regluleg íþróttaiðkun og líkamspjálfun séu dæmi um heilsusamlegan lífsstíl sem dragi úr líkum á óæskilegum lifnaðarháttum svo sem vímuefnaneyslu¹⁸. Rannsóknir hafa einnig sýnt að íþróttir sem eru stundaðar undir eftirliti ábyrgra aðila, svo sem íþróttapjálfa eða leiðbeinanda, draga enn frekar úr líkum á áhættuhegðun¹⁹. Ýmsar aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að íþróttaiðkun, hreyfing og heilsurækt hafi margvísleg önnur jákvæð áhrif í lífi barna og ungmenna. Til að mynda hefur verið sýnt fram á að hreyfing og þjálfun líkamans tengist námsárangri með jákvæðum hætti²⁰, hafi jákvæð áhrif á mataræði²¹ og sjálfstraust²². Þá sýna rannsóknir að íþróttir og hreyfing dragi úr líkum á offitu²³, og hafi jákvæð áhrif á svefn og svefnvenjur meðal unglunga²⁴.

Þá hefur gerð félags-, og tómstundastarfs verið rannsakað og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila dregur úr líkum á að börn tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna.²⁵

¹⁸ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003. Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

¹⁹ Moore og Werch, 2005.

²⁰ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006.

²¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Pate o.fl. 2000,


²² Tremblay o.fl. 2000, Allegrante 2004.

²³ Allegrante, 2004, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Taras og Potts-Datema, 2005a.

²⁴ Taras og Potts-Datema, 2005b.


²⁵ Piko og Fitzpatrick 2004.

Á mynd 53 má sjá hlutfall þeirra nemenda í 5., 6. og 7. bekk, sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist eða svitni, og eru niðurstöður sýndar annars vegar fyrir þá sem segja slíkt eiga við 1 sinni til 3 sinnum í viku og hins vegar þá sem reyni á sig þannig að þeir mæðist eða svitni 4 sinnum í viku eða oftár. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður fyrir nemendur í 5. bekk má sjá að um 40% nemenda segja að þeir reyni þannig á sig líkamlega 1 sinni til 3 sinnum í viku og rétt ríflega þriðjungur segir slíkt eiga við 4 sinnum í viku eða oftár. Hlutfall sjöttubekkinga sem reyna á sig líkamlega 4 sinnum í viku eða oftár er ívið hærra, þar sem um 44% þeirra svara því til og ef litið er til nemenda í 7. bekk á það við um ríflega helming nemenda. Strákar eru líklegri en stelpur til að reyna á sig líkamlega 4 sinnum í viku eða oftár og á það við um allar bekkjardeildirnar.




Mynd 53. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist eða svitni, 1 sinni til 3 sinnum í viku og 4 sinnum í viku eða oftár.

Á mynd 54 má sjá þá nemendur sem segja að þeir séu 3 sinnum í mánuði eða sjaldnar í dansi eða íþróttum fyrir utan skyldutíma í skóla. Hlutfallið lækkar eftir því sem aldur nemenda hækkar. Þannig segja rúm 28% nemenda í 5. bekk að þeir taki 3 sinnum í mánuði eða sjaldnar þátt í dansi eða íþróttum á meðan hlutfallið er um 24% í 6. bekk og tæplega 24% meðal sjöundubekkinga.




Mynd 54. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast vera 3 sinnum í mánuði eða sjaldnar í dansi eða íþróttum fyrir utan leikfimi- og sundtíma í skólanum.

Þegar litið er til þess hve oft nemendur segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi má sjá (mynd 55) að ríflega þriðjungur nemenda í 5. og 6. bekk segjast stunda íþróttir 1 sinni til 3 sinnum í viku. Hlutfallið er lægra þegar litið er til sjöundubekkinga, eða sem nemur rúmum 27%. Í 5. bekk eru strákar (37%) líklegri í samanburði við stelpurnar (33%) til að stunda íþróttir 1 sinni til 3 sinnum í viku. Í 6. og 7. bekk snýst dæmið við og eru stelpurnar þar líklegri en strákar til að stunda íþróttir sem því nemur.



Mynd 55. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku.

Ef skoðað er hversu algengt er að nemendur stundi íþróttir með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar kemur í ljós að rétt innan við fjórðungur fimmtubekkinga stundar íþróttir með íþróttafélagi sem því nemur. Rúmlega 30% nemenda í 6. bekk svara því til og hlutfall nemenda í 7. bekk er 38%. Hér kemur einnig fram að strákar eru hlutfallslega líklegri miðað við stelpur til að stunda íþróttir með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar (mynd 56).




Mynd 56. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar.

Í töflu 13 má sjá hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hætt hafa þátttöku í íþróttum og hversu miklu máli tilgreindir þættir skiptu þegar þau hættu þátttöku. Niðurstöður hér sýna að algengasta atriðið sem nemendur nefna er að þeir hafi misst áhugann. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða stelpur eða stráka né í hvaða bekk nemendurnir eru. Þannig nefna á bilinu 66% og allt upp í tæp 79% þeirra nemenda sem hætt hafa þátttöku í íþróttum að áhugaleysi hafi skipt mjög miklu máli. Þá nefnir töluverður fjöldi nemenda að tímaleysi hafi skipt mjög miklu máli þegar þau hættu þátttöku.

Tafla 13. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk *sem hafa hætt þátttöku í íþróttum* sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt *mjög eða frekar miklu* máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum.


	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
Skipti mjög miklu máli	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Ég missti áhugann	66,3 (568)	68,5 (618)	71,8 (635)	73,6 (723)	74,7 (722)	78,6 (841)
Kostnaður (of dýrt)	49,1 (260)	56,2 (394)	40,5 (229)	51,1 (360)	41,8 (247)	42,9 (316)
Vinir mínir hættu	54,0 (282)	46,2 (290)	51,5 (305)	41,3 (276)	50,8 (314)	41,3 (303)
Tímaleysi	52,6 (310)	53,0 (374)	54,9 (361)	53,7 (416)	56,2 (405)	57,8 (497)
Mikil samkeppni	53,0 (293)	47,1 (287)	43,2 (246)	37,7 (228)	41,7 (245)	32,2 (201)

Á mynd 57 má sjá hlutfall þeirra nemenda sem aldrei taka þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum. Athygli vekur hér hversu hátt hlutfallið er og segist um helmingur nemenda í öllum bekkjardeildum að þeir taki aldrei þátt í slíku starfi í skólanum sínum. Strákar virðast síður líklegir til að taka þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum og þá hækkar hlutfallið jafnframt eftir því sem nemendur eru eldri, þó munurinn sé ekki mikill milli bekkjadeilda.




Mynd 57. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast *aldrei* taka þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum.

Í könnuninni voru nemendur beðnir um að tilgreina í hve mörgum sumarnámskeiðum þeir tóku þátt síðastliðið sumar. Ef byrjað er að skoða niðurstöður fyrir nemendur í 5. bekk má sjá (mynd 58) að um 30% nemenda í 5. bekk segjast ekki hafa tekið þátt í slíkum námskeiðum. 37% segjast hafa tekið þátt í einu námskeiði og um fimmtungur nemenda sótti 2 námskeið. Hlutfallslega fáir sögðust hafa sótt 3 námskeið (8%) og um 5% nemenda tók þátt í 4 eða fleiri sumarnámskeiðum síðastliðið sumar.




Mynd 58. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í síðasta sumar (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 5. bekk.

Mjög svipuð mynd kemur fram þegar litið er til sjöttubekkinga. Þannig tók um 34% þeirra ekki þátt í neinu námskeiði á meðan 36% segjast hafa sótt eitt námskeið. Um 18% nemenda í 6. bekk tók þátt í tveimur námskeiðum. 6% sjöttubekkinga sótti 3 námskeið og 5% 4 námskeið eða fleiri (mynd 59).



Mynd 59. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í *síðasta sumar* (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 6. bekk.

Hvað sjöundubekkinga varðar þá er hlutfallið hæst þegar litið er á hlutfall þeirra sem tóku ekki þátt í neinu námskeiði síðastliðið sumar og rétt ríflega þriðjungur segist hafa sótt eitt námskeið. Um 18% nemenda í 7. bekk tóku þátt í 2 námskeiðum á meðan einn af hverjum 10 sjöundubekkinga sótti 3 eða fleiri sumarnámskeið.



Mynd 60. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í *síðasta sumar* (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 7. bekk.

Nemendur voru beðnir um að svara hversu oft þeir stunduðu tilgreindar íþróttir. Í töflu 14 má sjá hlutfall þeirra sem segjast taka þátt í þessum íþróttum einu sinni í viku eða oftár. Eins og sjá má af töflunni þá er algengast að nemendur stundi fótbolta einu sinni í viku eða oftár. Þannig segist ríflega helmingur stráka og um þriðjungur stelpna að þau stundi fótbolta sem því nemur. Þá virðist nokkuð hátt hlutfall nemenda stunda sund sem því nemur og göngur eða hlaup fylgja þar í kjölfarið.

Tafla 14. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda tiltekna íþrótt *einu sinni í viku eða oftár*.


	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
Stundar þú...	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Handbolta	21,7 (308)	11,3 (165)	22,2 (329)	12,0 (176)	21,9 (346)	12,1 (195)
Fótbolta	52,4 (793)	32,2 (478)	57,4 (897)	33,3 (509)	53,6 (880)	33,9 (560)
Körfubolta	17,2 (241)	11,2 (162)	21,5 (321)	10,5 (154)	21,1 (331)	10,2 (164)
Fimleika	6,4 (88)	21,3 (313)	5,6 (81)	16,7 (245)	3,9 (60)	13,2 (212)
Frjálssar íþróttir	13,2 (182)	15,5 (221)	10,4 (151)	10,7 (156)	9,3 (142)	10,5 (168)
Tennis, badminton, borðtennis eða veggtennis	10,4 (142)	5,9 (85)	11,9 (173)	6,0 (88)	13,9 (215)	7,1 (113)
Sjálfsvarnariþróttir	13,5 (189)	4,6 (65)	11,8 (173)	4,1 (59)	11,8 (184)	3,6 (58)
Göngur eða hlaup	27,6 (384)	30,1 (438)	33,9 (500)	31,9 (472)	37,1 (586)	40,6 (663)
Sund	32,1 (449)	39,6 (573)	33,5 (495)	37,6 (559)	32,3 (506)	42,7 (693)
Skíði, snjóþretti eða skauta	18,4 (261)	14,5 (213)	17,6 (263)	14,4 (215)	20,9 (334)	13,4 (218)

Ef litið er til þátttöku nemenda í öðru tómstundastarfi má sjá (tafla 15) að af þessum fyrirfram tilgreindu félags- og tómstundastörfum er algengast að nemendur í 5., 6. og 7. bekk taki þátt í félags- og tómstundastarfi í félagsmiðstöð. Þannig segjast um 18% stráka og 23% stelpna í 5. bekk taka þátt í slíku einu sinni í viku eða oftar. Um 20% nemenda í 6. bekk tekur þátt í starfi félagsmiðstöðva einu sinni í viku eða oftar og rétt innan við 20% nemenda í 7. bekk. Þátttaka stelpna í dansi er töluverð og segist um eða rétt innan við 25% stelpna taka þátt í dansi einu sinni í viku eða oftar.

Tafla 15. Stundar þú eitthvað af eftirtöldu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda slíkt *einu sinni í viku eða oftar*.


	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
Stundar þú...	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Félags- og tómstundastarf í félagsmiðstöð	17,6 (267)	23,1 (352)	20,3 (320)	20,7 (316)	18,4 (306)	19,3 (325)
Dans	4,0 (58)	22,5 (336)	4,0 (61)	25,8 (391)	3,3 (53)	22,6 (380)
Skátastarf	5,8 (85)	6,2 (90)	5,7 (87)	6,7 (99)	4,4 (72)	5,2 (85)
Hestamennsku	6,8 (100)	12,7 (189)	6,2 (95)	10,1 (153)	5,3 (86)	11,5 (193)
Skák	6,2 (1)	3,2 (46)	4,8 (72)	1,9 (28)	4,3 (70)	1,6 (26)
K.F.U.M eða K.F.U.K	6,6 (95)	8,8 (127)	4,4 (66)	8,0 (118)	3,7 (60)	3,6 (59)

Ef litið er til þess hvernig nemendum líkar við starfsmenn íþróttafélagsins, má sjá (mynd 61) að mikill meirihluti nemenda segir að þeim líki oft eða alltaf vel við þá starfsmenn. Hlutfallið er mjög svipað hjá strákum og stelpum sem og milli bekkjardeilda. Þannig segja ríflega sjö af hverjum 10 nemendum að þeim líki vel (oft eða alltaf) við starfsmenn íþróttafélagsins.



Mynd 61. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki *oft eða alltaf* vel við starfsmenn íþróttafélagsins.

Að sama skapi segir meirihluti nemenda að þeim líki oft eða alltaf vel við þá starfsmenn sem eru með þeim í öðru frístundastarfi. Hér kemur þó fram ákveðinn munur á milli stelpna annars vegar og stráka hins vegar. Þannig eru stelpur hlutfallslega líklegri en strákar til að segja að sér semji vel við þá starfsmenn (mynd 62).



Mynd 62. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þeim líki *oft eða alltaf* vel við starfsmenn sem eru með þeim í öðru frístundastarfi (t.d. í námskeiðum í skólanum, félagsmiðstöðvum eða annars staðar).

Nemendur voru inntir eftir því hvort þeir stunduðu tónlistar- eða söngnám í vetur. Í töflu 16 má sjá að um og yfir 33% nemenda í 5., 6. og 7. bekk stundar slíkt nám sem nemur 1 sinni til 3 sinnum í viku. Af töflunni má einnig lesa að stelpur eru hlutfallslega líklegri en strákar til að stunda nám í tónlist eða söng.

Tafla 16. Stundar þú tónlistarnám eða söngnám í vetur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Aldrei eða sjaldnar en 1 sinni í mánuði	66,6 (1107)	51,5 (849)	59,1 (1956)
	1-3 sinnum í mánuði	3,1 (51)	3,0 (49)	3,0 (100)
	1-3 sinnum í viku	27,7 (461)	41,9 (691)	34,8 (1152)
	4 sinnum í viku eða oftár	2,6 (44)	3,6 (60)	3,1 (104)
6. bekkur	Aldrei eða sjaldnar en 1 sinni í mánuði	67,1 (1145)	53,1 (871)	60,2 (2016)
	1-3 sinnum í mánuði	2,5 (42)	2,8 (46)	2,6 (88)
	1-3 sinnum í viku	27,9 (477)	38,9 (639)	33,3 (1116)
	4 sinnum í viku eða oftár	2,5 (43)	5,2 (85)	3,8 (128)
7. bekkur	Aldrei eða sjaldnar en 1 sinni í mánuði	66,7 (1186)	58,9 (1039)	62,8 (2225)
	1-3 sinnum í mánuði	2,4 (42)	2,3 (40)	2,3 (82)
	1-3 sinnum í viku	27,7 (493)	34,4 (606)	31,0 (1099)
	4 sinnum í viku eða oftár	3,2 (57)	4,4 (78)	3,8 (135)

Lestur, miðlar og tækjæign

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum er varða lestur nemenda, fjölmiðlanotkun þeirra og tækjæign og þær dregnar saman og greindar eftir bekk nemenda og kyni. Í töflu 17 má sjá niðurstöður spurningarinnar – hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag í að lesa bækur aðrar en skólabækur. Ef byrjað er á að skoða niðurstöður fyrir bekkina í heild má sjá þegar litið er til nemenda í 5. bekk að rétt innan við fimmtungur nemenda segir að þeir noti að jafnaði engan tíma í að lesa aðrar bækur en skólabækur. Um 67% fimmtubekkinga segist nota hálfa til eina klukkustund á dag í slíkan lestur en rúm 2% nota meira en fjórar klukkustundir. Mjög svipaðar niðurstöður má sjá þegar litið er til nemenda í 6. bekk, og um fjórðungur sjöundubekkinga segist engan tíma nota í lestur annarra bóka en skólabóka. Niðurstöður sýna einnig hér að strákar, í samanburði við stelpur, nota minni tíma í lestur bóka annarra en skólabóka á hverjum degi 0g á það við um stráka í 5., 6. og 7. bekk.

Tafla 17. Hversu margar klukkustundir notar þú að jafnaði á dag *í að lesa bækur, aðrar en skólabækur?*

Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Enga	24,7 (397)	13,3 (219)	18,9 (616)
	1/2 til 1 klst.	62,5 (1005)	71,4 (1175)	67,0 (2180)
	2-3 klst.	9,8 (158)	13,1 (215)	11,5 (373)
	Meira en 4 klst.	2,9 (47)	2,2 (36)	2,6 (83)
6. bekkur	Enga	25,5 (419)	13,3 (218)	19,4 (637)
	1/2 til 1 klst.	62,1 (1021)	71,1 (1164)	66,6 (2185)
	2-3 klst.	10,3 (170)	13,2 (216)	11,8 (386)
	Meira en 4 klst.	2,1 (35)	2,4 (39)	2,3 (74)
7. bekkur	Enga	30,9 (538)	19,9 (350)	25,4 (888)
	1/2 til 1 klst.	59,3 (1033)	66,5 (1167)	62,9 (2200)
	2-3 klst.	8,6 (150)	12,3 (216)	10,5 (366)
	Meira en 4 klst.	1,3 (22)	1,3 (23)	1,3 (45)

Þegar litið er til þess hversu miklum tíma nemendur verja í lestur teiknimyndabóka og blaða, má sjá af töflu 18, að um 32% nemenda í 5. bekk, rúmlega 37% í 6. bekk og rétt innan við helmingur nemenda í 7. bekk ver engum tíma á dag í lestur slíkra bóka eða blaða. Þá segist um helmingur nemenda í öllum bekkjardeildum nota sem nemur hálfri til einni klukkustund á dag í lestur teiknimyndabóka og blaða.

Tafla 18. Hversu margar klukkustundir notað þú að jafnaði á dag í að lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Heild % (fjöldi)
5. bekkur	Enga	28,8 (449)	36,8 (580)	32,8 (1029)
	1/2 til 1 klst.	54,8 (854)	52,5 (828)	53,7 (1682)
	2-3 klst.	12,2 (190)	9,3 (146)	10,7 (336)
	Meira en 4 klst.	4,1 (64)	1,4 (22)	2,7 (86)
6. bekkur	Enga	33,0 (540)	41,4 (667)	37,2 (1207)
	1/2 til 1 klst.	54,1 (885)	51,6 (832)	52,9 (1717)
	2-3 klst.	10,4 (170)	5,8 (94)	8,1 (264)
	Meira en 4 klst.	2,5 (41)	1,1 (18)	1,8 (59)
7. bekkur	Enga	39,0 (680)	53,0 (918)	46,0 (1598)
	1/2 til 1 klst.	51,7 (901)	41,2 (714)	46,5 (1615)
	2-3 klst.	8,0 (140)	4,9 (84)	6,4 (224)
	Meira en 4 klst.	1,3 (23)	0,9 (15)	1,1 (38)

Í könnuninni nú í ár voru nemendur spurðir hvort þeir ættu tiltekin tæki eða hvort þau væru til á heimili þeirra. Í töflu 19 má sjá niðurstöður um tækjæign nemendanna sjálfra. Hér má sjá að nokkurn mun má greina á milli stráka og stelpna. Þannig eru strákar hlutfallslega líklegri til að eiga sjónvarp þó að dragi saman með kynjunum eftir því sem nemendur eldast. Að sama skapi eru strákar líklegri en stelpur til að eiga DVD / vídeó, leikjatölvu og tölvu og er hlutfallið í því sambandi hæst er varðar eign stráka á leikjatölvu (upp í tæp 86% meðal stráka í 7. bekk). Það tæki sem stelpur virðast eiga frekar umfram strákana er GSM sími þó mikill meirihluti allra nemenda segi að þeir eigi slíka síma, eða á bilinu 73 – 92% nemenda.

Tafla 19. Átt þú (eða er til á heimili þínu) eitthvað af eftirtöldu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast eiga eftirfarandi hluti.

	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
Ég á sjálf(ur)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
Sjónvarp	61,7 (991)	44,9 (726)	68,4 (1135)	53,2 (865)	76,4 (1302)	55,8 (977)
DVD / Videó	45,4 (721)	35,6 (575)	52,0 (857)	41,2 (668)	58,5 (1020)	43,1 (753)
Leikjatölvu	78,1 (1261)	48,0 (767)	83,7 (1384)	54,7 (876)	85,8 (1505)	53,0 (921)
Tölvu	37,7 (595)	21,0 (335)	41,0 (671)	29,2 (471)	48,0 (834)	30,4 (527)
Vefmyndavél	16,9 (259)	16,3 (253)	22,8 (362)	25,2 (403)	30,0 (511)	33,4 (577)
GSM síma	73,0 (1162)	77,0 (1243)	81,2 (1346)	88,2 (1432)	88,6 (1543)	92,3 (1613)

Í töflum 20 til 24 má sjá niðurstöður spurninga er lúta að fjölmiðlanotkun nemendanna. Ef byrjað er á að skoða hversu miklum tíma nemendur verja að jafnaði í að horfa á sjónvarp / vídeó eða DVD má sjá (tafla 20) að um og yfir helmingur nemenda segist verja sem nemur hálfri til einni klukkustund að jafnaði daglega í slíkt áhorf. Ef litið er til tíðara áhorfs þá eru strákar líklegri til að svara því til og þá sér í lagi þegar áhorfið nemur 4 klukkustundum eða meira daglega. Þannig segjast rúmlega 6% stráka í 5. og 6. bekk að þeir horfi á sjónvarp / vídeó eða DVD meira en 4 klukkustundir á dag og slíkt á jafnframt við um rúm 7% stráka í 7. bekk. Hlutfallið meðal stelpnanna er lægra í þessu sambandi, en hækkar þó eftir því sem stelpurnar eru eldri.

Tafla 20. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að *horfa á sjónvarp / vídeó/ DVD* á hverjum degi?

Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
5. bekkur	Engum tíma	9,6 (153)	14,7 (238)
	1/2 til 1 klst.	53,7 (855)	63,9 (1037)
	2 til 3 klst.	30,5 (485)	18,9 (306)
	Meira en 4 klst.	6,2 (99)	2,6 (42)
6. bekkur	Engum tíma	7,1 (117)	8,4 (137)
	1/2 til 1 klst.	50,2 (830)	56,6 (925)
	2 til 3 klst.	36,6 (605)	31,0 (506)
	Meira en 4 klst.	6,1 (101)	4,0 (65)
7. bekkur	Engum tíma	4,9 (85)	4,8 (84)
	1/2 til 1 klst.	47,0 (819)	50,3 (882)
	2 til 3 klst.	40,8 (711)	40,0 (701)
	Meira en 4 klst.	7,4 (129)	4,9 (85)

Þegar skoðað er hversu miklum tíma nemendur verja að jafnaði daglega í að spila tölvuleiki á netinu má sjá af töflu 21 að algengast er að nemendur verji sem nemur hálfri til einni klukkustund á dag í slíkt. Þannig svara á bilinu 50 til 60% stráka og stelpna því til. Þegar hlutfall þeirra sem verja meiri tíma í að spila tölvuleiki á netinu er skoðað kemur í ljós að slík notkun er algengari meðal stráka en stelpna. Þannig segjast rúm 14% stráka í 5. bekk verja tveimur til þremur klukkustundum á dag í að spila tölvuleiki á netinu á meðan slíkt á við um 5% stelpnanna. Í 6. bekk er hlutfallið í

Þessu sambandi tæp 17% meðal stráka en rúm 10% hjá stelpunum. Munurinn á milli stráka og stelpna er einnig mikill þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir sjöundubekkinga, þar sem 21% stráka og tæp 11% stelpna segjast verja tveimur til þremur klukkustundum á dag í að spila tölvuleiki á netinu.

Tafla 21. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að *spila tölvuleiki á netinu* á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
5. bekkur	Engum tíma	24,9 (393)	33,1 (526)
	1/2 til 1 klst.	55,6 (877)	60,6 (962)
	2 til 3 klst.	14,4 (227)	5,2 (83)
	Meira en 4 klst.	5,1 (81)	1,0 (16)
6. bekkur	Engum tíma	21,1 (344)	28,0 (447)
	1/2 til 1 klst.	57,0 (928)	60,2 (960)
	2 til 3 klst.	16,7 (272)	10,2 (162)
	Meira en 4 klst.	5,2 (85)	1,7 (27)
7. bekkur	Engum tíma	22,2 (381)	29,2 (503)
	1/2 til 1 klst.	49,7 (854)	58,6 (1008)
	2 til 3 klst.	21,1 (362)	10,8 (186)
	Meira en 4 klst.	7,0 (120)	1,4 (24)

Önnur mynd kemur í ljós þegar skoðað er hversu miklum tíma nemendur verja í að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu (tafla 22). Þar sýna niðurstöður að meirihluti stelpna segist ekki verja neinum tíma í slíkt á meðan meirihluti stráka ver að jafnaði 30 til 60 mínútum daglega í að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu. Þá segjast á bilinu 16 til 17% stráka verja tveimur til þremur klukkustundum að jafnaði á dag í slíka tölvuleikjanotkun og 4,5 til 6% þeirra spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu meira en fjórar klukkustundir daglega.

Tafla 22. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að *spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu* á hverjum degi?
Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
5. bekkur	Engum tíma	25,2 (393)	55,9 (877)
	1/2 til 1 klst.	52,9 (824)	38,6 (605)
	2 til 3 klst.	15,9 (247)	4,3 (68)
	Meira en 4 klst.	6,0 (94)	1,1 (18)
6. bekkur	Engum tíma	26,3 (427)	56,5 (900)
	1/2 til 1 klst.	52,0 (844)	36,8 (587)
	2 til 3 klst.	16,9 (275)	5,3 (85)
	Meira en 4 klst.	4,7 (77)	1,3 (21)
7. bekkur	Engum tíma	29,7 (505)	66,7 (1152)
	1/2 til 1 klst.	48,8 (828)	28,8 (497)
	2 til 3 klst.	17,0 (289)	3,4 (58)
	Meira en 4 klst.	4,5 (76)	1,2 (20)

Þegar skoðað er hversu miklum tíma nemendur verja daglega í að vera á MSN (spjallrásur), má sjá af töflu 23 að hlutfallslega flestir verja á bilinu 30 til 60 mínútum daglega í slíka notkun. Hér skera strákar í 5. bekk sig þó úr því ríflega helmingur þeirra segist ekki verja neinum tíma í slíkt. Að öðru leyti kemur ekki fram mikill munur hlutfallslega á strákum og stelpum, ólíkt því sem kom fram er litið var til tölvuleikjanotkunar.

Tafla 23. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að vera á MSN (spjallrásur) á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
5. bekkur	Engum tíma	55,2 (866)	42,1 (674)
	1/2 til 1 klst.	34,0 (533)	50,0 (800)
	2 til 3 klst.	8,0 (126)	6,4 (102)
	Meira en 4 klst.	2,8 (44)	1,6 (25)
6. bekkur	Engum tíma	41,6 (683)	27,1 (439)
	1/2 til 1 klst.	43,5 (714)	55,1 (893)
	2 til 3 klst.	11,3 (186)	15,1 (245)
	Meira en 4 klst.	3,7 (60)	2,7 (44)
7. bekkur	Engum tíma	30,8 (535)	15,2 (267)
	1/2 til 1 klst.	47,6 (827)	57,2 (1003)
	2 til 3 klst.	16,5 (287)	23,2 (407)
	Meira en 4 klst.	5,2 (90)	4,3 (75)

Þá voru nemendur spurðir að því hversu miklum tíma þeir verðu daglega í að nota tölvur í annað en net- eða tölvuleikjanotkun. Af töflu 24 má sjá að um helmingur nemenda í 5., 6. og 7. bekk ver engum tíma í slíkt. Um og innan við 40% segist verja hálfri til einni klukkustund daglega í tölvunotkun aðra en þá að vera á netinu eða spila tölvuleiki. Þegar litið er til slíkrar tölvunotkunar í meira en fjórar klukkustundir daglega þá á slíkt við um 3% stráka og um 1% stelpna í öllum bekkjardeildum.

Tafla 24. Hversu miklum tíma verð þú að jafnaði í að *nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki* á hverjum degi? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (fjöldi)	Stelpur % (fjöldi)
5. bekkur	Engum tíma	51,7 (806)	55,3 (885)
	1/2 til 1 klst.	39,6 (617)	42,4 (678)
	2 til 3 klst.	6,2 (97)	1,6 (26)
	Meira en 4 klst.	2,6 (40)	0,6 (10)
6. bekkur	Engum tíma	51,1 (828)	49,5 (794)
	1/2 til 1 klst.	40,6 (658)	44,9 (719)
	2 til 3 klst.	5,5 (89)	4,7 (75)
	Meira en 4 klst.	2,7 (44)	0,9 (15)
7. bekkur	Engum tíma	50,0 (861)	49,9 (869)
	1/2 til 1 klst.	39,0 (672)	41,8 (728)
	2 til 3 klst.	8,0 (137)	6,9 (121)
	Meira en 4 klst.	3,0 (51)	1,4 (25)

Þeir nemendur sem leika í tölvuleikjum á netinu eru líklegastir til að leika oft eða stundum einir eða með vinum (mynd 63). Þannig segja tæp 72% stráka og rúm 77% stelpna að þau séu stundum eða oft ein þegar þau leika í tölvuleikjum á netinu. Svipað hlutfall kemur fram þegar litið er til tölvuleikjanotkunar með vinum, þar er hlutfallið tæp 75% meðal stráka og 73% meðal stelpna. Þá segjast um 30% nemenda oft eða stundum spila tölvuleiki á netinu með fjölskyldumeðlimum. Ef litið er til þess hvort nemendur spili tölvuleiki á netinu með fólki sem þeir þekkja ekki, kemur fram mikill munur á milli stráka annars vegar og stelpna hins vegar. Þannig segja 19% stráka að þeir spili stundum eða oft tölvuleiki á netinu með fólki sem þeir þekkja ekki á meðan slíkt á einungis við um rétt rúmlega 4% stelpna.




Mynd 63. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segja að þau leiki *oft eða stundum* við eftirtalda þegar þau eru í tölvuleikjum á netinu.

Ef hlutfall nemenda sem hefur oft eða mjög oft langað til að brjóta eða skemma hluti síðastliðna 7 daga fyrir könnun, er skoðað eftir því hversu miklum tíma þeir verja í að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu daglega, má sjá (mynd 64) að nemendur sem verja fjórum klukkustundum eða meira í slíka tölvuleikjanotkun daglega eru hlutfallslega mun líklegri til að hafa langað til að brjóta eða skemma hluti. Niðurstöður sýna sama mynstur fyrir stráka og stelpur í þessu sambandi.



Mynd 64. Hlutfall stelpna og stráka sem segja að þau hafi *oft eða mjög oft* langað til að brjóta eða skemma hluti síðastliðna 7 daga, greint eftir því hve miklum tíma nemendur verja á hverjum degi í að spila tölvuleiki sem **ekki** eru á netinu.

Að sama skapi sýna niðurstöður að þegar hlutfall þeirra nemenda sem segja að þeir hafi oft eða mjög oft öskrað eða hent hlutum síðastliðna 7 daga fyrir könnun, er skoðað eftir því hversu miklum tíma er varið í tölvuleiki sem ekki eru á netinu, má sjá að hlutfallið er hæst meðal nemenda sem segjast verja meira en fjórum klukkustundum daglega í slíka tölvuleikjanotkun. Hér kemur einnig fram mjög svipuð mynd þegar niðurstöður eru greindar eftir kyni (mynd 65).



Mynd 65. Hlutfall stelpna og stráka sem segja að þau hafi *oft eða mjög oft* öskrað eða hent hlutum, síðastliðna 7 daga, greint eftir því hve miklum tíma nemendur verja á hverjum degi í að spila tölvuleiki sem **ekki** eru á netinu.

Heimildir

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). Ungt fólk – Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknir & greining og Menntamálaráðuneytið.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi: Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997 til 2004*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Derogatis, L.R., Lipman, R.S. og Covi, L. (1973). SCL-90: An Outpatient Psychiatric Rating Scale – Preliminary Report. *Psychopharmacology Bulletin*, 9: 13-28.
- Estévez, E., Musitu, G. og Herrero, J. (2005). The Influence of Violent Behavior and Victimization at School on Psychological Distress: The Role of Parents and Teacher. *Adolescence*, 40: 183-197.
- Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2004). *Könnun á líðan nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Hannon, J.C. og Pellet, T.L. (2005). Influence of Activity Mode on Feeling States of High School Physical Education Students. *Physical Educator*, 62 (3).
- Harrell, J.S., Gansky, S.A., Bradley, C.B. og McMurray, R.G. (1997). Leisure time activities of elementary school children. *Nursing Research*, 46: 246-253.
- Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2003). *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglinga*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.

- Ingibjörg V. Kaldalóns. (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglinga*. Óbirt M.A. ritgerð. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005). *Den normale ungdomsliv. Hverdagsliv, fællesskab, trivsel og fremtid*. København: Forfatterne, Center for Ungdomsforskning.
- Laursen, B. og Mooney, K.S. (2005). Why do friends matter? Essays review of Children's Friendships. *Human Development*, 48: 323-326.
- Manning, W. og Lamb, K.A. (2003). Adolescent Well-Being in Cohabiting, Married and Single-Parent Families. *Journal of Marriage and Family*, 65 (4): 876-899.
- Muller, C. (1998). Gender differences in Parental Involvement and Adolescents' Mathematical Achievement. *Sociology of Education*, 71: 336-356.
- Piko B.F. og Fitzpatrick K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors*, 29: 1095-1107.
- Rigby, K. (2005). Why do some children bully at school? The contributions of negative attitudes towards victims and the perceived expectations of friends, parents and teachers. *School Psychology International*, 26: 147-161.
- Sanders, M.G. (1998). The effects of school, family and community support on the academic achievement of African American adolescents. *Urban Education*, 33, 385-409.
- Sigfusdottir, I.D., Kristjansson, A.L., Allegrante, J.P. (2007). Health behaviour and academic achievement in Icelandic school children. *Health education research*. 22(1): 70-80.
- Sigfusdottir, I.D., Farkas, G., og Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescence*, 33 (6): 509-522.
- Smith, M.Z. (2005). Parental Influences on the Physical Activity Behavior of Children of Various Ethnic Backgrounds. *Research Quarterly for Exercise and Sport*, 76 (1).
- Thompson, A.M., Rehman, L.A. og Humbert, M.L. (2005). Factors influencing the physically active leisure of children and youth: A qualitative study. *Leisure Sciences*, 27: 421-438.

- Thorlindsson, T., Bjarnason, T. og Sigfusdottir, I.D. (2007). Individual and community processes of social closure – A study of adolescent academic achievement and alcohol use. *ACTA Sociologica* 50(2): 161-178.
- Trausti Þorsteinsson. (2004). *Líðan nemenda í grunnskólum á Akureyri*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- van Wel, F., Linssen, H. og Abma, R. (2000). The parental bond and the well-being of adolescents and young adults. *Journal of Youth and Adolescence*, 29: 307-318.
- Willinger, U., Diendorfer-Radner, G., Willnauer, R., Jörgl, G., og Hager, V. (2005). Parenting Stress and Parental Bonding. *Behavioral Medicine*, 31(2): 63-70.

Viðauki

Tafla 25. Hvað áttu mörg systkini?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Ekkert	3,3	3,5	3,4
	Eitt	26,4	26,0	26,2
	Tvö	37,7	37,6	37,7
	Þrjú	17,2	17,3	17,2
	Fjögur eða fleiri	15,5	15,5	15,5
6. bekkur	Ekkert	3,5	4,0	3,7
	Eitt	23,7	25,1	24,4
	Tvö	36,1	35,8	35,9
	Þrjú	19,2	19,6	19,4
	Fjögur eða fleiri	17,5	15,5	16,5
7. bekkur	Ekkert	2,7	2,9	2,8
	Eitt	23,5	22,7	23,1
	Tvö	35,9	37,4	36,7
	Þrjú	20,3	20,5	20,4
	Fjögur eða fleiri	17,5	16,5	17,0

Tafla 26. Hverjir eftirtalinna búa á sama heimili og þú?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Faðir	78,2	76,2	77,2
	Stjúp- eða fósturfaðir	11,1	12,6	11,9
	Móðir	94,7	95,8	95,2
	Stjúp- eða fósturmóðir	3,2	2,5	2,8
	Systkini	85,2	87,4	86,3
	Afi og/eða amma	6,2	4,1	5,2
6. bekkur	Faðir	78,5	76,3	77,5
	Stjúp- eða fósturfaðir	11,0	13,5	12,3
	Móðir	95,2	95,9	95,6
	Stjúp- eða fósturmóðir	3,3	2,8	3,0
	Systkini	86,0	87,5	86,8
	Afi og/eða amma	5,7	3,3	4,5
7. bekkur	Faðir	75,3	76,6	76,0
	Stjúp- eða fósturfaðir	13,2	12,9	13
	Móðir	94,7	97,4	96
	Stjúp- eða fósturmóðir	3,2	2,0	2,6
	Systkini	85,8	88,6	87,2
	Afi og/eða amma	3,5	3,0	3,2

Tafla 27. Hversu oft færð þú hjálp frá pabba þínum, mömmu eða systkinum með heimanámið þitt?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	2,0	0,5	1,3
	Næstum aldrei	5,8	3,5	4,7
	Sjaldan	9,5	7,9	8,7
	Stundum	35,2	35,0	35,1
	Oft	47,4	53,1	50,3
6. bekkur	Aldrei	2,4	0,3	1,4
	Næstum aldrei	7,3	4,9	6,1
	Sjaldan	10,7	7,7	9,3
	Stundum	37,0	37,7	37,3
	Oft	42,7	49,4	46,0
7. bekkur	Aldrei	3,6	2,0	2,8
	Næstum aldrei	9,1	7,4	8,3
	Sjaldan	11,5	10,2	10,8
	Stundum	33,4	36,6	35,0
	Oft	42,3	43,9	43,1

Tafla 28. Hversu marga vini eða vinkonur áttu í skólanum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Enga vini/vinkonur	0,3	0,7	0,5
	Fáa vini/vinkonur	8,9	9,6	9,2
	Nokkra vini/vinkonur	27,1	26,1	26,6
	Marga vini/vinkonur	39,0	34,9	37,0
	Mjög marga vini/vinkonur	24,7	28,7	26,7
6. bekkur	Enga vini/vinkonur	0,9	0,5	0,7
	Fáa vini/vinkonur	8,1	8,0	8,0
	Nokkra vini/vinkonur	23,5	24,0	23,7
	Marga vini/vinkonur	37,8	37,0	37,4
	Mjög marga vini/vinkonur	29,8	30,5	30,1
7. bekkur	Enga vini/vinkonur	1,1	0,4	0,7
	Fáa vini/vinkonur	6,1	5,5	5,8
	Nokkra vini/vinkonur	21,7	21,5	21,6
	Marga vini/vinkonur	37,5	37,2	37,4
	Mjög marga vini/vinkonur	33,6	35,4	34,5

Tafla 29. Hversu oft horfir þú á sjónvarp eða myndband með pabba þínum eða mómmu?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	2,1	1,2	1,7
	Næstum aldrei	7,3	4,7	6,0
	Sjaldan	17,7	13,7	15,7
	Stundum	42,8	51,0	46,9
	Oft	30,1	29,5	29,8
6. bekkur	Aldrei	1,5	1,1	1,3
	Næstum aldrei	6,0	3,8	4,9
	Sjaldan	14,5	11,8	13,2
	Stundum	45,2	42,9	44,1
	Oft	32,9	40,4	36,6
7. bekkur	Aldrei	0,8	0,8	0,8
	Næstum aldrei	5,0	3,7	4,4
	Sjaldan	13,6	10,8	12,2
	Stundum	41,6	40,4	41,0
	Oft	38,9	44,3	41,6

Tafla 30. Hversu oft ert þú í íþróttum eða útivist (t.d. á skíðum í sundi, í göngutúr, á hestbaki, úti að hjóla, á skautum o.fl.) með pabba þínum eða mómmu?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	7,6	3,6	5,6
	Næstum aldrei	16,4	12,5	14,4
	Sjaldan	23,7	20,9	22,3
	Stundum	28,7	37,5	33,1
	Oft	23,7	25,5	24,6
6. bekkur	Aldrei	8,9	4,8	6,9
	Næstum aldrei	17,8	14,7	16,3
	Sjaldan	21,8	21,6	21,7
	Stundum	28,5	34,2	31,3
	Oft	23,0	24,7	23,8
7. bekkur	Aldrei	9,0	7,2	8,1
	Næstum aldrei	18,9	15,6	17,2
	Sjaldan	23,6	22,7	23,2
	Stundum	26,6	32,2	29,4
	Oft	22,0	22,3	22,1

Tafla 31. Hversu oft tala allir í fjölskyldunni þinni saman?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	2,2	1,6	1,9
	Næstum aldrei	8,3	4,4	6,4
	Sjaldan	16,9	11,5	14,2
	Stundum	31,6	32,2	31,9
	Oft	41,0	50,3	45,6
6. bekkur	Aldrei	2,5	1,6	2,0
	Næstum aldrei	6,5	3,9	5,2
	Sjaldan	12,2	10,2	11,2
	Stundum	31,7	31,4	31,6
	Oft	47,0	52,9	49,9
7. bekkur	Aldrei	2,3	1,3	1,8
	Næstum aldrei	5,8	3,4	4,6
	Sjaldan	12,9	9,6	11,2
	Stundum	32,6	29,8	31,2
	Oft	46,4	55,9	51,1

Tafla 32. Hversu oft ert þú með foreldrum þínum eftir skóla eða um helgar?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	1,1	0,3	0,7
	Næstum aldrei	5,0	2,8	3,9
	Sjaldan	10,8	8,4	9,6
	Stundum	32,5	30,8	31,6
	Oft	50,6	57,8	54,2
6. bekkur	Aldrei	0,5	0,2	0,3
	Næstum aldrei	4,7	2,0	3,4
	Sjaldan	9,7	7,4	8,6
	Stundum	35,6	33,4	34,5
	Oft	49,5	57,0	53,2
7. bekkur	Aldrei	1,5	0,6	1,0
	Næstum aldrei	4,0	4,0	4,0
	Sjaldan	12,0	9,1	10,6
	Stundum	35,7	34,5	35,1
	Oft	46,8	51,8	49,3

Tafla 33. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum þínum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Mjög erfitt	1,5	0,8	1,2
	Frekar erfitt	6,4	3,6	5,0
	Frekar auðvelt	33,3	21,5	27,3
	Mjög auðvelt	58,7	74,2	66,6
6. bekkur	Mjög erfitt	1,1	0,4	0,8
	Frekar erfitt	4,7	2,7	3,7
	Frekar auðvelt	30,3	22,2	26,3
	Mjög auðvelt	63,9	74,7	69,2
7. bekkur	Mjög erfitt	1,3	0,6	0,9
	Frekar erfitt	3,7	2,6	3,2
	Frekar auðvelt	28,8	17,6	23,2
	Mjög auðvelt	66,2	79,2	72,7

Tafla 34. Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá ráðleggingar varðandi námið frá foreldrum þínum?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Mjög erfitt	2,3	1,4	1,9
	Frekar erfitt	8,9	6,9	7,9
	Frekar auðvelt	38,2	31,7	34,9
	Mjög auðvelt	50,6	60,0	55,4
6. bekkur	Mjög erfitt	1,1	1,3	1,2
	Frekar erfitt	7,9	6,2	7,1
	Frekar auðvelt	35,8	27,9	31,9
	Mjög auðvelt	55,2	64,6	59,9
7. bekkur	Mjög erfitt	1,8	1,0	1,4
	Frekar erfitt	5,6	5,1	5,3
	Frekar auðvelt	33,3	25,5	29,4
	Mjög auðvelt	59,3	68,4	63,8

Tafla 35. Foreldrar mínir þekkja vini/vinkonur mína(r), greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Á mjög vel við um mig	58,0	67,3	62,7
	Á frekar vel við um mig	34,5	29,0	31,7
	Á frekar illa við um mig	5,2	2,6	3,9
	Á mjög illa við um mig	2,3	1,0	1,7
6. bekkur	Á mjög vel við um mig	53,9	66,5	60,1
	Á frekar vel við um mig	37,6	30,1	33,9
	Á frekar illa við um mig	6,1	2,8	4,5
	Á mjög illa við um mig	2,3	0,7	1,5
7. bekkur	Á mjög vel við um mig	48,4	61,9	55,2
	Á frekar vel við um mig	42,5	33,8	38,1
	Á frekar illa við um mig	6,2	3,8	5,0
	Á mjög illa við um mig	2,9	0,5	1,7

Tafla 36. Foreldrar mínir þekkja foreldra vina/vinkvenna minna, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Á mjög vel við um mig	36,9	40,6	38,8
	Á frekar vel við um mig	44,8	45,2	45,0
	Á frekar illa við um mig	13,6	11,6	12,6
	Á mjög illa við um mig	4,7	2,5	3,6
6. bekkur	Á mjög vel við um mig	32,0	39,5	35,7
	Á frekar vel við um mig	45,7	46,2	46,0
	Á frekar illa við um mig	16,6	10,8	13,7
	Á mjög illa við um mig	5,7	3,5	4,6
7. bekkur	Á mjög vel við um mig	25,6	33,7	29,7
	Á frekar vel við um mig	48,8	49,5	49,1
	Á frekar illa við um mig	19,0	13,0	16,0
	Á mjög illa við um mig	6,6	3,8	5,2

Tafla 37. Hversu oft ferð þú í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba þínum eða mómmu, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	13,1	6,1	9,6
	Næstum aldrei	26,9	19,8	23,4
	Sjaldan	30,2	32,5	31,4
	Stundum	23,4	34,0	28,7
	Oft	6,3	7,6	7,0
6. bekkur	Aldrei	13,7	6,2	10,0
	Næstum aldrei	27,1	20,1	23,7
	Sjaldan	28,2	28,0	28,1
	Stundum	25,3	36,1	30,6
	Oft	5,8	9,6	7,6
7. bekkur	Aldrei	11,5	7,8	9,7
	Næstum aldrei	28,3	19,4	23,9
	Sjaldan	29,3	29,3	29,3
	Stundum	25,4	34,7	30,0
	Oft	5,5	8,8	7,1

Tafla 38. Hversu oft ert þú með vinum eða vinkonum eftir skóla eða um helgar?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	1,5	1,1	1,3
	Næstum aldrei	4,6	4,7	4,7
	Sjaldan	7,7	9,8	8,7
	Stundum	30,4	30,6	30,5
	Oft	55,8	53,7	54,7
6. bekkur	Aldrei	1,7	0,8	1,3
	Næstum aldrei	4,1	5,0	4,6
	Sjaldan	7,1	8,4	7,8
	Stundum	28,2	30,3	29,3
	Oft	58,8	55,4	57,1
7. bekkur	Aldrei	1,5	1,2	1,3
	Næstum aldrei	3,4	4,8	4,1
	Sjaldan	8,2	7,2	7,7
	Stundum	27,9	26,4	27,2
	Oft	59,0	60,3	59,6

Tafla 39. Hversu oft ert þú ein(n) heima eftir skóla?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Aldrei	10,2	10,1	10,1
	Næstum aldrei	25,7	27,4	26,6
	Sjaldan	18,8	20,8	19,8
	Stundum	25,6	27,8	26,7
	Oft	19,7	13,9	16,8
6. bekkur	Aldrei	9,3	8,3	8,8
	Næstum aldrei	24,2	26,9	25,5
	Sjaldan	20,7	20,8	20,7
	Stundum	27,3	28,5	27,9
	Oft	18,6	15,5	17,1
7. bekkur	Aldrei	6,3	6,5	6,4
	Næstum aldrei	23,4	26,3	24,8
	Sjaldan	22,9	22,5	22,7
	Stundum	29,0	29,4	29,2
	Oft	18,4	15,3	16,9

Tafla 40. Er töluð íslenska á þínu heimili?, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Já, eingöngu	78,3	80,6	79,5
	Já, ásamt öðru tungumáli	19,5	17,2	18,3
	Nei, einungis annað tungumál	2,2	2,2	2,2
6. bekkur	Já, eingöngu	81,0	83,0	82,0
	Já, ásamt öðru tungumáli	16,9	15,2	16,1
	Nei, einungis annað tungumál	2,1	1,8	1,9
7. bekkur	Já, eingöngu	82,4	85,3	83,9
	Já, ásamt öðru tungumáli	15,8	13,3	14,5
	Nei, einungis annað tungumál	1,8	1,4	1,6

Tafla 41. Við hvern leikur þú þegar þú ert í tölvuleikjum á Netinu? **Ég leik ein(n)**, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Oft	34,2	32,7	33,4
	Stundum	31,6	36,1	33,9
	Sjaldan	19,9	20,6	20,3
	Aldrei	6,7	3,7	5,2
	Leik ekki á netinu	7,6	6,9	7,2
6. bekkur	Oft	33,8	38,3	36,0
	Stundum	32,8	36,8	34,8
	Sjaldan	20,6	17,8	19,2
	Aldrei	4,7	3,1	3,9
	Leik ekki á netinu	8,1	4,0	6,1
7. bekkur	Oft	30,4	35,0	32,7
	Stundum	34,4	38,7	36,6
	Sjaldan	19,5	15,4	17,4
	Aldrei	6,1	3,3	4,7
	Leik ekki á netinu	9,6	7,6	8,6

Tafla 42. Við hvern leikur þú þegar þú ert í tölvuleikjum á Netinu? **Með fjölskyldumeðlimum**, greint eftir bekk og kyni nemenda.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Oft	8,5	6,3	7,4
	Stundum	22,6	27,1	25,0
	Sjaldan	31,8	36,5	34,3
	Aldrei	29,8	24,4	27,0
	Leik ekki á netinu	7,3	5,7	6,4
6. bekkur	Oft	6,1	5,5	5,8
	Stundum	21,7	26,7	24,2
	Sjaldan	33,2	38,8	36,0
	Aldrei	30,3	24,6	27,4
	Leik ekki á netinu	8,7	4,4	6,5
7. bekkur	Oft	5,6	4,1	4,8
	Stundum	18,2	20,0	19,1
